SANDRA HAUKSDÓTTIR

*Gömul húsgögn gera heimilið persónulegra*

• heimili • græjur

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

*Fallegt einbýli í suðurhlíðum Garðabæjar*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TRAUSTI ÞÓR GUÐMUNDSSON

*Hestatímaritið Eiðfaxi stofnað fyrir 30 árum*

Af því tilefni er gefið út veglegt afmælisrit.

TÍMAMÓT 18

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. nóvember 2007 — 308. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

**Nýr dagur hjá Good Heart**

Kvikmynd Dags Kára rúllar loksins af stað.

FÓLK 30

**Matvörumarkaðurinn**

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, skrifar um matvörumarkaðinn. Hann spyr hvort skýringa á háu matvöruverði sé að leita í ofurtollum og innflutningshöftum.

UMRÆÐA 16

**Chelsy fékk nóg**

Harry prins er laus og liðugur og nýtir sér það til fullnustu.

FÓLK 22

**Glæsilegur Valssigur**

Valur vann slóvensku meistarana í Celje Lasko í Meistaradeild Evrópu í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**STUND MILLI STRÍÐA** Hægur vindur og úrkomulítið um mest allt land. Hiti 0-4 stig sunnantil, en frost 1-4 stig fyrir norðan.

VEÐUR 4

# Dugar bara í kjarnorkustríði

**Brunamálastjóri segir nýtt frumvarp um almannavarnir veita Ríkislögreglustjóra of mikið miðstýringarvald. Sveitarfélögin ættu að stýra aðgerðum í hættuástandi en ekki ríkið. Slíkt gagnist aðeins í kjarnorkustríði. Slökkviliðsstjóri segir eindreginn vilja allra bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu að hafa málaflokkinn hjá sér.**

**ALMANNAVARNIR** Brunamálastjóri og slökkviliðsstjórinn á höfuðborgarsvæðinu gagnrýna tilfærslu almannavarna úr höndum sveitarfélaganna til ríkisins. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp þess efnis að embætti ríkislögreglustjóra hafi yfirumsjón með almannavörnum.

Frumvarpið er endurskoðun á lögum frá 1963, en samkvæmt þeim höfðu sveitarstjórnir yfirumsjón með hættuástandi. Samkvæmt frumvarpinu kemur það í hlut Ríkislögreglustjóra að ákveða hvort lýsa eigi yfir almannavarnastigi og á hann að stjórna aðgerðum á vettvangi.

„Ríkislögreglustjóri á einnig að sjá um forvarnir, undirbúning, viðbragðsáætlanir, æfingar og síðan sjálft viðbragðið. Það er svo til ómögulegt að hann hafi burði til þessa," segir Björn Karlsson brunamálastjóri.

„Þetta væri í lagi ef það kæmi kjarnorkustríð og það væri algjört neyðarástand á öllu landinu. Þá væri eðlilegt að Ríkislögreglustjóri tæki málin í sínar hendur," segir Björn. „En ef það er mjög stór eldsvoði í sveitarfélagi, jarðskjálftar eða eldgos, þá eru það heimamennirnir sem þurfa að eiga tæki, hafa æft viðbrögð og geta brugðist við."

Björn segir það gera illt verra ef skipta á um yfirstjórn viðbragða í miðjum klíðum þegar Ríkislögreglustjóri lýsir yfir hættuástandi. Dæmi séu um að það hafi farið illa.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að ekki hafi verið leitað álits hjá Félagi slökkviliðsstjóra við gerð frumvarpsins. Björn segir það bera þess merki að hafa verið samið alfarið í ráðuneytinu. Þeir segja þó báðir að margt gott sé í frumvarpinu og löngu tímabært hafi verið að endurskoða lögin.

„Í stórum eldsvoða á lögreglan að stýra aðgerðum samkvæmt þessu frumvarpi," segir Jón Viðar. Hann segir það sambærilegt við að slökkviliðsstjóri stýri viðbrögðum við hryðjuverkaárás.

„Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu munu gera athugasemdir við þetta, því að þau vilja hafa í sínum verkahring að sjá um öryggi þeirra sem þar búa frá A til Ó," segir Jón Viðar. Hann segir alla bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu og borgarstjóra vilja halda almannavörnum hjá sveitarfélögunum. - sgj

**SIGURVEGARINN** Ragnar Bragason leikstjóri kom, sá og sigraði á Eddunni. Kvikmynd hans Foreldrar hlaut alls sex verðlaun auk þess sem sjónvarpsþátturinn Næturvaktin hlaut tvenn verðlaun. Ragnar var að vonum sáttur við sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Edduverðlaunin voru afhent í gær við hátíðlega athöfn á Hilton-hótelinu:

# Foreldrar fengu flest verðlaun

**MENNING** Kvikmyndin Foreldrar var sigurvegari kvöldsins á Edduverðlaununum í gær. Myndin hlaut sex verðlaun, þar á meðal sem besta kvikmyndin og fyrir handrit og leikstjórn. Leikararnir Ingvar E. Sigurðsson og Nanna Kristín Magnúsdóttir voru valin bestu leikararnir í aðalhlutverkunum fyrir leik sinn í myndinni. Bergsteinn Björgúlfsson hlaut verðlaun fyrir bestu myndatöku og klippingu í myndinni.

Besta leikna sjónvarpsefnið var sjónvarpsþættirnir um Næturvaktina og Gettu betur var valinn skemmtiþáttur ársins. Í flokki frétta- og viðtalsþátta fengu Kompás og Út og suður jafn mörg atkvæði, og hlutu því verðlaunin sameiginlega.

Kvikmyndin Veðramót, sem tilnefnd var til ellefu Edduverðlauna, hlaut aðeins ein. Þau fékk Jörundur Ragnarsson fyrir besta leik í aukahlutverki.

Þorsteinn Guðmundsson leikari var aðalkynnir á hátíðinni. - sþs

Hald lagt á marijúanaplöntu:

## Kjaftaði óvart frá ræktuninni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akranesi stöðvaði í fyrrinótt ökumann á Vesturlandsvegi sem var undir áhrifum kannabisefna.

Við yfirheyrslu gloprði maðurinn því út úr sér að hann væri að rækta marijúana heima hjá sér í Reykjavík. Lögregla gerði sér ferð heim til mannsins í kjölfarið og lagði þar hald á myndarlega marijúanaplöntu og lítilræði af efnum.

Maðurinn á sekt yfir höfði sér og missir að sjálfsögðu ökuréttindin. - þo

Alþjóðlega badmintonmótið:

## Ragna sigursæl

**BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir vann tvöfaldan sigur á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International sem lauk í TBR-húsum í gær.**

**Ragna vann alla átta leiki sína á mótinu í einliða- og tvíliðaleik.**

- óój / sjá síðu 24

## SPURNING DAGSINS

*Ómar, geturðu núna sest í helgan stein?*

„Nei, en það getur vel verið að ég endi ævina í steininum.“

Ómar Antonsson, bóndi á Horni í Hornafirði, malar gull af fjörugrjóti jarðar sinnar sem hann selur Bandaríkjamönnum.

Börn hvött til að koma á körfuboltaæfingu hjá ÍR á sex mismunandi tungumálum:

# Körfubolti án landamæra í Breiðholti

**ÍÞRÓTTIR** „Við höfum verið að gera átak í að ná til krakka af erlendum uppruna, enda hafa margir þeirra sýnt sig vera frábærir í körfubolta,“ segir Þorgeir Einarsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar ÍR. Bréf á sex tungumálum var dreift í skólum og á heimili í Breiðholti í fyrradag þar sem börn eru hvött til að koma á körfuboltaæfingar.

Bréfið er skrifað á íslensku, pólsku, ensku, króatísku, taílensku og víetnömsku. Þorgeir segir átakið hafa gengið vel, metaðsókn sé hjá félaginu í vetur. „Það hefur fjölgað í flestum flokkum hjá okkur og útlitið er bjart.“

Fanney Elín Ásgeirsdóttir, foreldri í Breiðholti, segist ekki sátt við fjölmenningarátak ÍR-inga. Níu ára dóttir hennar fékk bréfið inn um lúguna á fimmtudag.

„Ég bý á mínu landi og ég vil ekkert að þetta þurfi,“ segir hún. „Auðvitað er það fallega gert að vilja tala við allt þetta fólk á tungumáli þess en mér finnst þetta ekki rétt. Hvað ætlar þjálfarinn að gera, ætlar hann að tala við krakkana á sex tungumálum?“

Hún segir þetta alls ekki fyrsta fjölpóstinn sem hún fær á fleiri en einu tungumáli. „Það er ekki langt síðan við vorum hvött, á tveimur tungumálum, til að koma í kirkjukór.“ - sþs

**Í KÖRFUBOLTA** Bréfið sem sent var er skrifað á íslensku, ensku, pólsku, króatísku, taílensku og víetnömsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Fulltrúa SÞ hleypt inn í landið:

## Mannréttindi í Búrma skoðuð

**BÚRMA, AP** Sendifulltrúi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna gagnvart Búrma kom þangað í gær. Er þetta í fyrsta skipti síðan í nóvember árið 2003 sem herforingjastjórnin í Búrma hleypir sendifulltrúanum, Paulo Sergieo Pinheiro, inn í landið.

Markmið fimm daga heimsóknar Pinheiros er að skoða hve margir féllu og hve margir voru handteknir í aðgerðum stjórnvalda gegn mótmælendum í september og október.

„Ef herforingjastjórnin sýnir mér ekki fullan samstarfsvilja mun ég fara um borð í flugvél og fljúga burt,“ sagði Pinheiro. - sdg

Fyrrverandi ráðherra:

## Þarf að greiða fyrir heimreið

**SVEITARSTJÓRNIR Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri VÍS, fær ekki lagða heimreið að sveitasetri sínu á kostnað Skeiða- og Gnúpverjahrepps eins og hann óskaði eftir.**

**Finnur keypti jörðina Vatnskot fyrir tveimur og hálfu ári. Í haust sótti hann um að sveitarfélagið greiddi fyrir um 200 metra malbikaðan veg frá Ólafsvallakirkju að Vatnskoti. Sveitarstjórnin hafnaði erindinu.**

**Í Vatnskoti eru Finnur og eiginkona hans með hestabúskap. Þar er stór reiðskemma ásamt öðrum útihúsum og íbúðarhúsi.** - gar

Óhapp í Húnavatnssýslu:

## Próflaus og ölvaður fór út af

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálku á Vatnsnesvegi í fyrrinótt og hafnaði utan vegar.

Þegar lögreglan á Blönduósi kom á staðinn kom í ljós að ökumaðurinn var ölvaður og án réttinda í þokkabót.

Margir kitluðu pinnann í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi í gær og voru tólf ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur. - þo

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slapp ómeiddur úr bílveltu

Bílvelta varð á Suðurlandsvegi við Litlu kaffistofuna í gærmorgun. Ökumaður var einn í bílnum og slapp ómeiddur. Bifreiðin skemmdist nokkuð og var dregin af vettvangi með kranabíl. Að sögn lögreglu má rekja óhappið til hálku.

### Ölvunarakstur víða um land

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði tvo ökumenn í fyrrinótt sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna.

# Fær lögheimili ekki flutt aftur til Íslands

**Þjóðskrá flutti lögheimili Guðmundar Bjarnasonar til Kína vegna ferða hans þangað. Hann hefur ekki fengið lögheimilið flutt aftur til Íslands. Hann fær því ekki örorkulífeyri sinn greiddan og nýtur ekki sjúkratrygginga hér á landi.**

**FÉLAGSMÁL** Úrskurðarnefnd almannatrygginga úrskurðaði í síðustu viku að Guðmundur Bjarnason þyrfti ekki að endurgreiða Tryggingastofnun rúmar þrjár milljónir króna sem hann hafði fengið í bætur. Tryggingastofnun hafði krafist þess að hann endurgreiddi bætur þrjú ár aftur í tímann, eða frá því að Þjóðskrá færði lögheimili hans til Kína.

Þegar Guðmundur var krafinn um endurgreiðsluna voru bótagreiðslur til hans einnig stöðvaðar og hefur hann því ekki fengið greiddan örorkulífeyri frá því í febrúar. Tryggingastofnun getur ekki greitt honum bæturnar vegna þess að hann er skráður með lögheimili í Kína. Þangað var lögheimili hans flutt í nóvember á síðasta ári, en Þjóðskrá taldi hann ekki hafa búið á Íslandi frá því 11. janúar 2004.

Ástæða þess að lögheimili Guðmundar var breytt er sú að hann hefur ferðast mikið til Kína undanfarin ár. Hann segist þó alltaf hafa gætt þess að vera ekki fjarri heimili sínu lengur en leyfilegt sé.

„Ég hef ekki aðeins verið án bóta, heldur á ég ekki rétt á félagslegri þjónustu og er ekki sjúkratryggður hér á landi,“ segir Guðmundur. Hann þarf oft að leita til læknis vegna heilsufars sína auk þess sem hann þarfnast lyfja. Bæði lyf og læknisþjónustu verður hann nú að greiða úr eigin vasa.

„Við höfum óskað eftir endurupptöku málsins hjá Þjóðskránni og höfum verið að bíða eftir þeim,“ segir Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður Guðmundar. Hún segir mál hans hafa verið fast hjá Þjóðskrá í langan tíma.

**HJÓNIN** Guðmundur ásamt konu sinni, Lai Thai Nguyen. Vegna ferða Guðmundar til Asíu var lögheimili hans flutt til Kína, en hann hefur að eigin sögn aðeins dvalið þar sem ferðamaður. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Ég hef einnig óskað eftir því að fá að skrá mig aftur inn í landið en fékk neitun við því. Ég hef sent bréf og óskað eftir skriflegum rökstuðningi en því var ekki svarað. Lögfræðingur minn og lögfræðingur Öryrkjabandalagsins hafa líka sent bréf, og nú síðast sendi umboðsmaður Alþingis fyrirspurn til Þjóðskrár, en engu hefur verið svarað,“ segir Guðmundur.

„Það er viss áfangasigur að þessi skuld við Tryggingastofnun hafi verið felld niður, en ég er samt í slæmum málum peningalega séð,“ segir Guðmundur. Hann segist vera orðinn langþreyttur á biðinni eftir úrlausn, þó hann reyni að trúa því að málið taki bráðum enda. Ekki náðist í Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Þjóðskrár, vegna málsins.

thorunn@frettabladid.is

**STRÆTÓ** Hraðahindranir bitna á vagnstjórum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bakmeiðsl hjá Strætó:

## Vagnstjórarnir skoppa mest á hindrunum

**HEILBRIGÐISMÁL Vagnstjórar Strætó stríða í síauknum mæli við bakmeiðsli vegna hraðahindrana. Þetta kom fram í máli fulltrúa Strætó bs. á fundi með umferðarnefnd Kópavogs. Hindranirnar valda einnig skemmdum á vögnunum.**

**Að sögn fulltrúa Strætós finna bílstjórarnir að jafnaði mest allra í vagninum fyrir hraðahindrunum vegna þess að þeir sitja fyrir framan framhjól vagnsins. Benti hann á það á fundinum með umferðarnefnd Kópavogs að í Kaupmannahöfn hætti strætisvagnafyrirtæki borgarinnar að aka þær götur sem eru með hraðahindranir.** - gar

## SLYS

### Haldið sofandi í öndunarvél

Maðurinn sem lenti í bílslysi undir Eyjafjöllum á laugardagsmorgun liggur enn alvarlega slasaður á gjörgæsludeild. Honum er haldið sofandi í öndunarvél. Maðurinn sem var með honum í bílnum slasaðist minna og hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi.

### Handtekinn eftir árekstur

Tveir bílar skullu saman á gatnamótum Ægisgötu og Ránargötu í Reykjavík í fyrrinótt. Annar ökumannanna var handtekinn þegar í ljós kom að hann var ölvaður. Engin slys urðu á fólki.

Tvær tíu ára stúlkur í Vogunum komast ekki í fimleika með SBK-rútum lengur:

# Þurfa að hætta sér yfir Reykjanesbraut í hvert skipti

**SAMGÖNGUR** „Þarna er enginn göngustígur, engin gangstétt, ekki neitt! Þetta er stórhættulegt fyrir tvær litlar stelpur,“ segir Drífa Gunnlaugsdóttir í Vogunum.

Drífa á tíu ára stúlku sem sækir fimleikatíma með vinkonu sinni í Hafnarfirði. Hún gerði samkomulag við SBK-rútur um að stelpurnar færu með rútunni klukkan fjögur á föstudögum.

Síðan var áætlun SBK breytt og seinkað um tuttugu mínútur. Til þess að komast í fimleika þurfa stúlkurnar nú að ganga upp að og yfir Reykjanesbrautina og taka þar svokallaða Express-rútu, sem fer beint frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur.

**ANNA KRISTÍN OG KOLBRÚN** Þurfa að hlaupa yfir Reykjanesbrautina til að komast í rútu sem fer með þær til Hafnarfjarðar. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Það var ferð klukkan 16 úr Reykjanesbæ sem fór niður í Voga og henni var breytt í 16.20 og hvort að tvær stúlkur sem notuðu bílinn á föstudegi geti nú ekki notað hann, það veit ég ekki,“ segir Ólafur Guðbergsson, skrifstofustjóri hjá SBK-ferðum.

Ólafur segir að Grindvíkingar ætli að aka bæjarbúum sínum niður á Reykjanesbraut til að ná Express-rútunum og hann muni ræða við bæjarstjórann í Vogum um svipað fyrirkomulag þar.

Um samkomulagið við Drífu segir Ólafur að hann hafi boðist til að endurgreiða henni rútumiðana, sem hún hafði keypt fyrir veturinn. Drífa er ekki sátt við þær lyktir, enda fái hún ekki ferðir fyrir stúlkurnar annars staðar. - kóþ

# Kiri Te Kanawa syngur fyrir lífið }

## Styrktartónleikar í Háskólabíói 7. desember.

Ein frægasta óperusöngkona heims, **Kiri Te Kanawa**, tekur nú höndum saman með **Garðari Thór Cortes**, **Sinfóníuhljómsveit Íslands** og **FL Group** til styrktar Barna- og unglingageðdeild Landspítala, **BUGL**. Allur ágóði miðasölu rennur óskiptur til verkefnisins **Lífið kallar**, sem miðar að því að byggja upp verndandi öryggisnet fyrir börn og unglinga sem misst hafa lífslöngunina tímabundið.
**Njóttu tónlistar á heimsmælikvarða um leið og þú lætur gott af þér leiða.**

**Miðasala hefst í dag, mánudag, kl. 12.00**
sími 545 2500 / www. sinfonia.is / miðaverð: 8.900 kr.

FL Group er styrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og BUGL

Fíton/SÍA FI023679

## GENGIÐ 09.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,78 | 60,06 |
| Sterlingspund | 126,25 | 126,87 |
| Evra | 87,87 | 88,37 |
| Dönsk króna | 11,788 | 11,856 |
| Norsk króna | 11,269 | 11,335 |
| Sænsk króna | 9,480 | 9,536 |
| Japanskt jen | 0,5379 | 0,5411 |
| SDR | 95,07 | 95,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 117,022

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hótelbygging við Laugaveg var samþykkt í fjarveru þriggja fulltrúa rýnihóps:

# Óánægja með teikninguna

**SKIPULAGSMÁL** „Byggingafulltrúi fer rangt með þegar hann segir að valið fólk hafi legið yfir málinu. Rýnihópurinn lýsti alltaf mikilli óánægju með teikningarnar og þær voru samþykktar á fundi sem ætti ekki að teljast lögformlegur," segir Þórður Magnússon, varaformaður Torfusamtakanna.

Magnúsar Sædal Svavarsson, byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar, sagði í Fréttablaðinu fyrir skömmu að valið fólk hefði samþykkt teikninguna fyrir Laugaveg 4 til 6. Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona á sæti í rýnihópnum. Hún segist ekki hafa verið boðuð á fundinn þegar teikningarnar voru samþykktar.

„Ásgeir Bolli Kristinsson, fulltrúi kaupmanna, var erlendis og Pétur H. Ármannsson sat hjá. Þá sátu eftir embættismenn borgarinnar, sem eftir því sem ég best veit eru arkitektar, og einn arkitekt frá Listaháskólanum. Breiddin sem hópurinn á að endurspegla var því horfin."

**EKKI RÍKTI SÁTT** Eva María lagði á það ríka áherslu að byggingin skyggði ekki á sól. Hún segir gafl hússins, sem blasa mun við vegfarendum upp Bankastræti, vera mjög umdeildan.

Eva María segir málið hafa þvælst lengi um í kerfinu og mönnum hafi því legið á að ljúka því.

„Ég er sannfærð um að enginn sem kom að máli er ánægður með þessa teikningu, en borgin þorir ekki að draga til baka til þau byggingarleyfi sem þegar hafa verið gefin út af ótta við að eigendurnir fari í mál og krefjist skaðabóta." - eb

Slagsmál í Reykjanesbæ:

## Stórsá á innanstokksmunum

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn eftir slagsmál í heimahúsi í Reykjanesbæ á föstudagskvöld.

Að sögn lögreglu kastaðist í kekki milli nokkurra gesta í samkvæmi og svo mikið gekk á að stórsá á innanstokksmunum.

Þegar leið á nóttina var lögregla kölluð út vegna hávaða í öðru samkvæmi í Reykjanesbæ. Þar voru fjórir menn sem lögreglu grunaði að væru undir áhrifum eiturlyfja.

Engin fíkniefni voru á staðnum en við leit fundust sprautur og nálar. - þo

**ÞYRLAN** Áhöfn þyrlunnar frá vinstri: Sigurður Ásgeirsson flugstjóri, Helgi Rafnsson flugvirki og Lárus Helgi Kristjánsson flugmaður.

LN-OBX í stað TF-SIF:

## Ný leiguþyrla til Íslands

**SAMGÖNGUR Ný leiguþyrla Landhelgisgæslunnar, LN-OBX, lenti í Reykjavík á laugardag eftir flug frá Förde í Noregi. Þyrlan er flugdeild Landhelgisgæslunnar vel kunn því hún var í leigu hjá henni síðastliðinn vetur og gengur þar undir nafninu Steinríkur. Tekur þyrlan við hlutverki TF-SIF.** - fb

Hundruð flýðu heimili sín:

## Jarðskjálfti skók Súmötru í gær

**INDÓNESÍA, AP** Hundruð íbúa Súmötru í Indónesíu flýðu heimili sín eftir að jarðskjálfti upp á 5,7 á Richter skók eyjuna í gærmorgun.

Engar fregnir höfðu borist af meiðslum á fólki né skemmdum á eignum að því er Veður- og jarðeðlisfræðistofnun Indónesíu greindi frá. Engin aðvörun var gefin út um að jarðskjálfti væri í vændum.

Jarðskjálftar eru tíðir á Indónesíu, stærsta eyjaklasa í heimi. Í desember árið 2004 orsakaði jarðskjálfti flóðbylgju sem varð yfir 230.000 að bana. - sdg

### LEIÐRÉTTING

Mynd sem birtist með frétt um stangveiði í Hítará í blaðinu í gær var ekki af Bjarna Júlíussyni, formanni Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

# Ísland í fjórða sæti á kynjajafnréttislista

**Norðurlöndin raða sér í efstu sæti lista stofnunarinnar World Economic Forum yfir kynjajafnrétti í heiminum. Ísland er með nánast fullkomið jafnrétti í flokkum menntunar og heilbrigðis en sýnir lakari stöðu í pólitík og efnahagsmálum.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Ísland er í fjórða sæti af 128 á lista stofnunarinnar World Economic Forum þar sem jafnrétti kynjanna er metið. Listinn var kynntur ásamt skýrslu í Genf í Sviss á fimmtudaginn.

Norðurlöndin raða sér í efstu fjögur sætin þar sem Svíþjóð er efst, svo Noregur og Finnland í þriðja sæti. Danmörk er í áttunda sæti og skipa öll Norðurlöndin sömu sæti á listanum og í fyrra.

Í skýrslu stofnunarinnar er launabilið metið út frá fjórum lykilþáttum: Þátttöku og tækifærum í efnahagslífi; aðgengi og árangri í námi; pólitískri þátttöku; heilbrigði og lífslíkum. Ríkjum er svo raðað á listann eftir hlutfallslegu jafnrétti kynjanna út frá fyrrgreindum þáttum þar sem 0 er fullkomið misrétti en 100 fullkomið jafnrétti. Þannig er Svíþjóð í efsta sæti með 81,46 prósenta jafnrétti í heildina litið en Jemen í neðsta sæti með einungis 45,1 prósent. Á Íslandi er heildarhlutfallið 78,36 prósent.

Ísland mælist með 98,7 prósenta jafnrétti í menntaflokknum og 97 prósenta jafnrétti í heilbrigðisflokknum. Í efnahagsflokknum lækkar hlutfallið niður í 72,1 prósent og í pólitíska flokknum fer það niður í 45,6 prósent.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir hátt hlutfall í mennta- og heilbrigðisflokki endurspegla styrk norræna velferðarmódelsins. „En það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að það sem setur Norðurlöndin svona hátt er að það er verið að mæla hluti sem við leystum fyrir löngu síðan á borð við ungbarnadauða og mæðradauða." Kristín bendir á að mælingin fyrir pólitíska flokkinn sé hærri en hún ætti að vera þar sem ferill Vigdísar Finnbogadóttur sé þar inni en hún hafi ekki haft pólitísk völd í reyndinni. „En það má segja að svona mæling sé ákveðið aðhald og það er fróðlegt að fylgjast með þessu þar sem þetta er alltaf sama mælingin sem verið er að gera. Þetta er því ein leið til að meta stöðuna."

sdg@frettabladid.is

**JAFNRÉTTI Á ÍSLANDI** Er þörf á jafnrétti? stóð á einu þeirra skilta sem haldið var á lofti í göngu niður Laugaveginn á Kvennafrídaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### MÆLING ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| **Þátttaka og tækifæri í efnahagslífi** | **72,1 %** |
| Þátttaka á vinnumarkaði | 92% |
| Launajafnrétti fyrir svipaða vinnu | 65% |
| Tekjur | 71% |
| Þingmenn, háttsettir embættismenn og stjórnendur | 41% |
| Sérfræðingar og tæknimenntaðir | 100% |
| **Aðgengi og árangur í námi** | **91,6%** |
| Læsi | 100% |
| Grunnmenntun | 97% |
| Framhaldsmenntun | 100% |
| Háskólamenntun | 100% |
| **Heilbrigði og lífslíkur** | **97%** |
| Kynjahlutfall við fæðingu | 94% |
| Lífslíkur | 103% |
| **Pólitísk þátttaka** | **45,6%** |
| Konur á þingi | 50% |
| Konur í ráðherraembættum | 38% |
| Fjöldi ára með konu sem þjóðarleiðtoga (síðustu 50 ár) | 47% |

**HÁSKÓLABÍÓ KVATT** Sinfóníuhljómsveitin hefur haft aðsetur í Háskólabíói síðan árið 1961.

Sinfónían undirritar samning:

## Í Tónlistarhúsinu næstu 35 ár

**MENNING Sinfóníuhljómsveit Íslands og Austurhöfn-TR hafa undirritað leigusamning til 35 ára um aðsetur Sinfóníunnar í Tónlistarhúsinu.**

**Sinfónían fær aðsetur fyrir starfslið sitt í húsinu og tryggð eru í samningnum afnot sinfóníunnar af stærsta sal hússins 60 sinnum á ári og til æfinga að auki 80 sinnum á ári.**

**Leigan nemur 73 milljónum króna á ári auk virðisaukaskatts og er hún til viðbótar við það sem opinberir aðilar setja til verkefnisins.** - eb

Ung vinstri græn:

## Mótmæla virkjun

**STJÓRNMÁL** Ung Vinstri græn á Suðurlandi skora á Orkuveitu Reykjavíkur að hætta við áform um Bitruvirkjun á Ölkelduhálsi. Í tilkynningu frá félaginu segir að um mikla náttúruperlu sé að ræða og að fegurð hennar megi líkja við Landmannalaugar.

Í tilkynningunni segir einnig að nóg sé af jarðvarmaorku sem sækja megi án mikilla náttúruspjalla. Óspillt náttúra í nágrenni þéttbýlis sé hluti af lífsgæðum.

UVG á Suðurlandi skora jafnframt á sveitarstjórn Ölfuss að afgreiða Bitruvirkjun ekki á sama hátt og gert var með efnistöku úr Ingólfsfjalli. Þá hafi ákvörðun Skipulagsstofnunar verið hnekkt. - sgj

EPSON

Epson photo
R265

ALVÖRU LJÓSMYNDAPRENTARI

- Prentar á geisladiska
- Prentar út á jaðar blaðsíðu
- 6 aðskilin blekhylki
- 5760 dpi upplausn
- Prentar allt að 30 bls. á mínútu

Verð frá 14.900 kr.

ÞÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is

## VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Kólnar um allt land.**

Það kemur sýnishorn af norðanátt í kortin í dag og kólnar á öllu landinu . Vindur verður hægari en verið hefur, en þó er strengur við suðurströndina. Hitastig á vesturhluta landsins á bilinu 2-6 stig yfir daginn, en frost 1-5 stig norðan til á landinu. Á morgun kemur svo lægð upp að vesturströndinni, með hvassviðri og úrkomu um mest allt land. Þá hlýnar einnig talsvert.

**Í BORGINNI Í DAG:** NV átt, 5-10 m/s og skúrir. Hiti 2-6°C í dag, en við frostmark í kvöld.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvöss vestanátt í flestum landshlutum

*» miðvikudagur*




Suðvestlæg átt, 5-10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C skýjað | London | 14°C léttskýjað | Eindhoven | 11°C rigning |
| Billund | 9°C rigning | París | 14°C heiðskýrt | Basel | 9°C rigning |
| Ósló | 6°C rigning | Frankfurt | 11°C rigning | Alicante | 21°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skýjað | Friedrichshafen | 8°C rigning | Róm | 19°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 10°C léttskýjað | Las Palmas | 23°C skýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 39677 10/07

## RAV4 - alveg nýr heimur

RAV4 er bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System" sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu. **Komdu og reynsluaktu RAV4 - alveg nýr heimur.**

**Verð frá 2.890.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

**KJÖRKASSINN**

*Ætti að skoða endurreisn næturstrætisvagna?*

| | |
|---|---|
| Já | 81,7% |
| Nei | 18,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með Edduverðlaunum í gærkvöldi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Lögreglumaður reyndi að stöðva átök ítalskra knattspyrnuáhugamanna:

# Aðdáandi skotinn til bana

**ÍTALÍA, AP** 26 ára gamall Ítali var skotinn til bana í Toscana í gærdag. Lögregluþjónn hugðist leysa upp átök milli áhangenda fótboltaliðanna Lazio og Juventus, sem urðu á áningarstað við þjóðveg í Toscana.

Ítalska fréttastofan ANSA greindi frá því að lögregluþjónninn hefði skotið aðvörunarskoti upp í loftið í tilraun til að binda enda á átökin og að talið væri að það skot hefði orðið manninum að bana. Ítalska lögreglan hefur sent út yfirlýsingu þar sem atvikið er harmað.

Leik Lazio og Inter Milan, sem átti að fara fram í gær, var frestað vegna dauðsfallsins, en maðurinn var stuðningsmaður Lazio. Öðrum leikjum var frestað um tíu mínútur. Stuðningsmenn Juventus voru hins vegar á leið frá Napólí þar sem liðið hafði leikið gegn Parma.

Slagsmál milli fótboltabullna á áningarstöðum við þjóðvegi eru algeng á Ítalíu. Fyrr á þessu ári lést lögreglumaður í óeirðum eftir leik milli Palermo og Catana á Sikiley. - sdg

**LÖGREGLA** Óeirðir brutust út eftir að stuðningsmaður Lazio var skotinn til bana í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sleppt eftir yfirheyrslur:

# Er grunaður um landasölu

**LÖGREGLUMÁL Karlmanni í Þorlákshöfn, sem grunaður er um landasölu, var sleppt á fimmtudagskvöld eftir yfirheyrslur hjá lögreglunni á Selfossi.**

**Lögreglan gerði í síðustu viku húsleit í íbúðarhúsi í Þorlákshöfn vegna gruns um að þar færi fram landaframleiðsla. Hald var lagt á um 140 lítra af tilbúnum landa, 75 lítra af gambra, sem er ósoðinn landi, svo og tæki til framleiðslu.**

**Útvega varð túlk við yfirheyrslurnar þar sem maðurinn er af erlendu bergi brotinn.**

**Þetta er eitt mesta magn af tilbúnum landa sem lögreglan á Selfossi hefur gert upptækt.** - jss

FRUMGREINASVIÐ
Opið fyrir umsóknir

Nám á frumgreinasviði er sértækt undirbúningsnám og hentar vel fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi, einkum í tæknifræði og verkfræði.

Umsóknarfrestur fyrir vorönn 2008 er til 30. nóvember.
Tekið er við umsóknum á 1., 2., 3. og 4. önn.

Nánari upplýsingar veita:

Málfríður Þórarinsdóttir,
sviðsstjóri frumgreinasviðs.
malfrid@ru.is
S.: 599 6438

Vilborg Jónudóttir,
deildarfulltrúi.
vilborg@ru.is
S.: 599 6255

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
www.hr.is / www.frumgreinar.is


# Sprenging í fíkniefnaakstri á Selfossi

**Fíkniefnaakstur hefur aukist mjög í umdæmi lögreglunnar á Selfossi, frá því að ný lög um fíkniefnaakstur tóku gildi í júní 2006. Flestir aka eftir að hafa neytt amfetamíns en kostnaður við sýnatöku hleypur á tugum þúsunda.**

**LÖGREGLUMÁL** Ný lög er varða akstur undir áhrifum fíkniefna tóku gildi 1. júní 2006. Þar segir að hver sá sem neytt hafi fíkniefna, eða annarra ávanabindandi efna, sé ófær um að aka bifreið.

Á því tímabili hefur lögreglan á Selfossi handtekið 111 ökumenn í umdæminu grunaða um fíkniefnaakstur. 32 ökumenn voru gripnir í fyrra og það sem af er þessu ári eru þeir orðnir 79 talsins, eða næstum átta ökumenn á mánuði sé miðað við fyrstu tíu mánuði ársins. Á þessu ári hafa 54 þeirra verið ákærðir en hinir bíða ákæru.

Að sögn Þorgríms Óla Sigurðssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Selfossi, hafa flestir ökumannanna neytt amfetamíns og kannabisefna og auk þess hefur lögregla handtekið ökumenn sem sest hafa undir stýri á bíl eftir að hafa neytt kókaíns eða alsælu. Hann segir lögreglu leita í bíl viðkomandi sé hann grunaður um fíkniefnaakstur en óverulegt magn fíkniefna hafi fundist hingað til.

Þorgrímur segir ökumennina koma hvaðanæva að. „Þetta er bæði fólk héðan af svæðinu og í kring, en margir ökumannanna hafa verið að koma frá borginni skiljanlega," segir Þorgrímur. „Við tökum líka oft sama fólkið oftar en einu sinni."

Öll fíkniefnaakstursmál sem koma inn á borð lögreglu eru tekin til ákærumeðferðar óháð magni sem finnst í blóði hins grunaða, ólíkt því sem gerist í ölvunaraksturstilfellum en þar ræður magn í blóði hvort ákært er eður ei.

**LÖGREGLAN** Það sem af er árinu hafa 79 ökumenn verið handteknir í umdæmi lögreglunnar á Selfossi grunaðir um að aka undir áhrifum fíkniefna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við erum líka oft að taka sömu einstaklingana oftar en einu sinni.
>
> **ÞORGRÍMUR ÓLI SIGURÐSSON**
> AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN Á SELFOSSI

Viðurlög við fíkniefnaakstri eru svipting ökuréttinda og sekt, sem fer eftir magninu sem finnst í blóði ákærða, sem og sakarkostnaður. Í því felst meðal annars að vinna blóðsýni vegna fíkniefna og getur slík rannsókn kostað frá 150 þúsund krónum og upp í 180 þúsund. Til samanburðar er kostnaðurinn við áfengispróf sjö þúsund krónur.

Dómar sem fallið hafa að undanförnu í Héraðsdómi Austurlands varða ökuleyfissviptingu allt frá þremur mánuðum upp í ár, og sektargreiðslum frá hundrað þúsund krónum upp í á þriðja hundrað þúsund króna.

Til samanburðar má geta þess að á síðasta ári hafði lögreglan á Selfossi afskipti af 121 ökumanni vegna ölvunaraksturs, en í ár þegar tæpir tveir mánuðir eru eftir af árinu, eru þeir orðnir 127 svo að þar virðist tilfellum fjölga einnig, óverulega þó.

aegir@frettabladid.is

Tíu skip sukku eða strönduðu í veðurofsa við Svartahaf í gær:

# Olíuflutningaskip brotnaði í tvennt

**RÚSSLAND, AP** Talið er að tíu skip hafi sokkið eða strandað á Kerchsundi og á svæðinu við Svartahaf í miklum veðurofsa í gær.

Að minnsta kosti 2.000 tonn af olíu láku út í Kerch-sund þegar rússneskt olíuflutningaskip brotnaði í tvennt í öldugangi en öldurnar náðu átta metra hæð þegar verst lét. Er þetta versta umhverfisslys sem orðið hefur á þessu svæði í mörg ár að sögn yfirvalda.

Öllum þrettán skipverjum olíuflutningaskipsins var bjargað.

Átta skipverja er saknað eftir að rússneskt flutningaskip sökk á Kerch-sundi. Öllum skipverjum annars rússnesks flutningaskips var bjargað. Skipin voru samanlagt að flytja um 6,5 tonn af brennisteini.

Olíuflutningaskipið var með tæplega 4.800 tonn af olíu innanborðs. Veðurofsinn kom í veg fyrir að hægt væri að byrja að hreinsa upp olíuna úr sjónum í gær og var mikil hætta á því að meiri olía myndi leka út úr skipinu að sögn Olegs Mitvol, yfirmanns umhverfiseftirlitsins. Sagði hann að það myndi taka „nokkur ár" að hreinsa upp olíuna. - sdg

**VEÐURHAMUR** Fólk fylgist með þegar kröftugar öldurnar slengja skipi upp að klettaveggjum í veðurofsanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


F|plús1
ÓDÝR OG HAGKVÆM
F|plús2
ÓDÝR MEÐ FERÐATRYGGINGUM
F|plús3
VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN
F|plús4
VÍÐTÆKASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN
TRYGGING SEM
VEX MEÐ ÞÉR
F plús hjá VÍS er samheiti yfir tryggingar fyrir fjölskyldur og heimili. Þarfir fólks, fjölskyldu- og heimilishagir eru mismunandi og þess vegna er mikilvægt að hafa tryggingu sem tekur mið af því. Kynntu þér F plús og veldu þá tryggingu sem hentar þér og þínum best.
VÍS – ÞAR SEM TRYGGINGAR SNÚAST UM FÓLK
Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is
F|plús

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Stefnumót við leiðtoga
William Fall, forstjóri Straums

Morgunverðarfundur FVH á Grand Hótel, miðvikudaginn 14. nóvember kl. 8.30-9.30.

William miðlar af viðamikilli reynslu sinni sem stjórnandi í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Hann leiddi m.a. alþjóðlega uppbyggingu eins stærsta banka veraldar, Bank of America.

- *Hvað skiptir mestu máli við stjórn alþjóðlegra fyrirtækja?*
- *Hvernig er best að taka á menningarmun milli landa?*

Um William Fall

*William var forstjóri alþjóðasviðs Bank of America frá árinu 2001. Þar hafði hann yfirumsjón með og bar ábyrgð á allri starfsemi bankans utan Bandaríkjanna, í alls 18 löndum.*

*Áður en hann hóf þar störf vann William fyrir Westpac Banking Corporation og Kleinwort Benson.*

*Fundarstjóri verður Þröstur Ólaf Sigurjónsson, formaður FVH.*

Skráðu þig strax – takmarkað sætaframboð!
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is, eða í síma 551 1317.
Verð með morgunmat kr. 2.000 fyrir félagsmenn FVH og 3.500 fyrir aðra.

Hrísgrjónum safnað fyrir fimmtíu þúsund manns:

# Netleikur gegn hungursneyð

**HJÁLPARSTARF** Þátttakendum í orðaleik á netinu á vegum mataraðstoðar Sameinuðu þjóðanna hefur tekist að safna nægum hrísgrjónum til að fæða fimmtíu þúsund manns í einn dag.

Orðaleikurinn nefnist FreeRice og reynir hann á orðaforða þátttakenda. Fyrir hvert rétt svar í leiknum lætur heimasíðan nægt fé að hendi rakna til að kaupa tíu hrísgrjón. Peningurinn kemur allur frá fyrirtækjum sem auglýsa á síðunni. Frá því síðan var stofnuð snemma í október hefur einn milljarður hrísgrjóna safnast. „FreeRice sýnir vel hvernig netið getur átt þátt í að vekja fólk til meðvitundar um helsta vandamál heimsins," sagði Josette Sheeran, yfirmaður mataraðstoðarinnar. Bætti hún því við að bloggarar ásamt heimasíðunum vinsælu Facebook og YouTube hefðu átt sinn þátt í að vekja athygli á verkefninu. „Þessi síða er algjör markaðssigur," sagði hún.

Upphafsmaður FreeRice er Bandaríkjamaðurinn John Breen, sem er mikill frumkvöðull í fjáröflunarstarfsemi á netinu. - fb

**HUNGURSNEYÐ** Þátttakendum í orðaleiknum hefur tekist að safna hrísgrjónum fyrir fimmtíu þúsund manns fyrir hungraða Afríkubúa.

# Jafnrétti er auðlind

**Utanríkisráðherra leggur áherslu á kvenfrelsi í alþjóðasamskiptum og telur að Íslendingar hafi þekkingu og reynslu að miðla í virkjun kvenorkunnar. Fjórir fræðimenn við Háskóla Íslands lögðu fram ólíkar hugmyndir að slíkri miðlun.**

**JAFNRÉTTI** „Fullveldi og sjálfstæði kvenna hefur reynst torsóttara en fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra við lok Kynjafræðiþings Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum síðustu helgi.

Ráðherra hóf síðasta dagskrárlið þingsins með hugleiðingu um mikilvægi þess að Íslendingar haldi á lofti umræðu um kynjajafnrétti á alþjóðavettvangi.

„Konur annars staðar hafa ekki háð sína fullveldisbaráttu og það er eðlilegt að Ísland tali fyrir kvenfrelsi líkt og það hefur talað fyrir þjóðfrelsi kinnroðalaus."

Ráðherra sagði jafnframt að Íslendingar hefðu þekkingu og reynslu að miðla á þremur sviðum. Á sviði stjórnun fiskveiða, virkjun endurnýjanlegrar orku og virkjun kvenorkunnar. Jafnrétti væri því jafnframt auðlind sem Íslendingum bæri að nýta.

Fræðimenn við Háskóla Íslands ræddu í kjölfarið hugmyndir ráðherrans. Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur viðraði þá hugmynd að sett yrði á fót alþjóðlegt fræðasetur um jafnrétti.

Ráðherra sagðist ætla að skoða hugmyndina betur og að hún hefði áhuga á að slíkt fræðasetur fjallaði um aðkomu kvenna að friðarviðræðum, friðargæslu og uppbyggingu ríkja eftir stríðsátök.

Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur sagði feminískar kenningar hafa reynst áhrifaríkar í umfjöllun um hernað.

„Ofbeldi gegn einstaklingum er nú viðurkennt sem hluti af hernaði og er það ein merkasta breytingin sem hefur orðið," sagði hún og benti á að til marks um breytta hugmyndafræði liti Atlantshafsbandalagið nú á sitt helsta hlutverk við friðargæslu í Afganistan að kenna konum að lesa.

**ALÞJÓÐLEGT JAFNRÉTTI** Utanríkisráðherra telur að Íslendingar geti miðlað af þekkingu og reynslu sinni af jafnrétti kynjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þá var rætt um kröfur stjórnvalda til annarra ríkja og sagði Brynhildur Flóvenz lögfræðingur að skoða þyrfti aðgerðir stjórnvalda á alþjóðavettvangi.

Brynhildur sagði hættulegt að ganga inn í hefðir annarra ríkja í alþjóðasamskiptum stæðust þær ekki kröfur stjórnvalda. Þá spurði hún hvernig bregðast eigi við ef opinber nærvera kvenna misbýður þeim sem íslenska ríkið á samskipti við.

Að lokum nefndi Lilja Mósesdóttir hagfræðingur verðugt rannsóknarefni sem gagnast gæti konum. Mikilvægt væri að skoða fríverslunarsamninga milli ríkja í ljósi ólíkra áhrif á karla og konur.

Nefndi hún sem dæmi NAFTA-samninginn milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó, sem hafi komið illa niður á bæði bandarískum og mexíkóskum konum. Slíkir samningar gætu þó reynst áhrifamiklir í kvenfrelsisbaráttu.

eva@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

GIRNILEGIR VEISLUBAKKAR MEÐ LITLUM FYRIRVARA

BLANDAÐUR BAKKI 3.580 kr.

SAMLOKU-BAKKI 2.890 kr.

TORTILLA & PÓLARBRAUÐ 3.480 kr.

FONDU SÚKKULAÐIBAKKI 2.950 kr.

Júmbó

5554 6999 | www.jumbo.is

# Ánægðustu viðskiptavinirnir

## Einkunn banka og sparisjóða í einstökum þáttum 2007

| | Ímynd | Væntingar | Vörugæði | Þjónustugæði | Virði | Ánægja | Tryggð | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sparisjóðurinn** | **80,4** | **83,5** | **79,4** | **84,9** | **80,4** | **78,1** | **85,0** | **81,7** |
| SPRON | 78,8 | 79,4 | 77,4 | 80,5 | 76,0 | 74,2 | 80,9 | 78,2 |
| BYR | 76,9 | 78,9 | 77,1 | 80,6 | 74,7 | 73,0 | 77,3 | 76,9 |
| Glitnir | 77,7 | 78,7 | 76,0 | 79,7 | 75,3 | 72,8 | 78,1 | 76,9 |
| Landsbankinn | 78,0 | 77,7 | 75,6 | 78,5 | 74,3 | 72,6 | 78,2 | 76,4 |
| Kaupþing | 75,4 | 76,1 | 73,8 | 76,6 | 72,8 | 68,9 | 73,4 | 73,8 |
| **Meðaltal** | **77,6** | **78,5** | **76,0** | **79,4** | **75,1** | **72,6** | **78,1** | **77,3** |

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

# Sparisjóðurinn **DÚXAR!**

**Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja gefa Sparisjóðnum hæstu einkunn**

Samkvæmt mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar 2007 eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu á markaði banka og sparisjóða. Sparisjóðurinn fær hæstu einkunn í öllum þáttum sem mældir voru. Persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki og stuðlar að ánægjulegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini. Starfsfólk Sparisjóðsins þakkar viðskiptavinum þessar ánægjulegu niðurstöður sem hvetja okkur til að gera enn betur í framtíðinni.

Fíton/SÍA

SPARISJÓÐURINN
www.spar.is

Ástæða fyrir samdrætti í löggæslu á Suðurlandi:

# Sértekjurnar hafa lækkað

**LÖGREGLUMÁL** „Fjárveitingar til löggæslu í umdæmi lögreglustjórans á Selfossi hafa ekki lækkað, heldur hækkað. Hins vegar hafa sértekjur lækkað."

Þetta segir Þórunn J. Hafstein skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu gagnrýnir Lögreglufélag Suðurlands litlar fjárveitingar ríkisvaldsins til löggæslu í umdæminu og segir „öryggi íbúanna ógnað með ónógri löggæslu á Selfossi."

„Forsaga málsins er sú að embætti lögreglustjórans á Selfossi sagði upp samningi um sjúkraflutninga í september 2005 og hætti þeim í árslok sama ár," útskýrir Þórunn. „Við það losnaði um lögreglumenn sem áður sinntu sjúkraflutningunum. Uppsafnaður rekstrarafgangur embættisins á þessum tíma nam 27 milljónum króna og nýttist til að greiða lögreglumönnum laun, þrátt fyrir að 30 milljónir árlegra tekna vegna sjúkraflutninga féllu niður.

Frá og með árinu 2006 var fjárveiting til embættisins hækkuð um sjö milljónir króna gagngert til þess að fjármagna stöðu lögreglumanns sem áður féll undir samning við heilbrigðisráðuneytið um sjúkraflutninga." - jss

**SELFOSS** Sértekjur embættis lögreglustjórans á Selfossi lækkuðu þegar sjúkraflutningar færðust annað.

# Vandi verst settra barna fer vaxandi

**Börn sem hafa átt í vanda um ævina eru enn líklegri til að neyta vímuefna en áður var, þótt almennt hafi dregið úr fíkniefnanotkun unglinga. Sálfræðingur á Stuðlum segir að þetta verði að hafa í huga þegar tekið er á vanda ungra barna.**

**BARNAVERND** Kannabis er það efni sem flestir þeirra unglinga sem komu til meðferðar á Stuðlum á árunum 2003 til 2006 misnotuðu eða höfðu ánetjast. Næstalgengustu efnin sem unglingar sögðust hafa notað daglega voru áfengi og amfetamín.

Þetta kemur fram í upplýsingum meðferðardeildar Stuðla. Lagðar voru spurningar fyrir 203 unglinga sem fóru þangað í meðferð á árunum 2003 til 2006 og kom í ljós að vímuefnaneysla fór vaxandi meðal þeirra á þessum árum. Meðalaldur unglinganna var um fimmtán ár.

Upplýsingar um vímuefni sem unglingarnir höfðu notað oftar en tvisvar skiptust milli áranna 2003-2004 annars vegar og 2005-2006 hins vegar. Þegar tölurnar voru bornar saman kom í ljós að á seinna tímabilinu hafa um 64 prósent drengja notað kannabisefni oftar en tvisvar á móti 53 prósentum á fyrra tímabili. Meðal stúlkna var kannabisneyslan svipuð milli ára eða rétt tæplega 70 prósent en þær neyttu jafna meira magns vímuefna heldur en drengirnir.

Þó ber að nefna að skarpur munur getur verið á hlutföllum milli ára þar sem um tiltölulega fáa einstaklinga er að ræða.

Halldór Hauksson, yfirsálfræðingur á Stuðlum, segir að áfengis- og kannabisneysla hafi farið ört vaxandi meðal barna sem þangað koma frá árinu 2003 og amfetamínneysla frá árinu 2005, þá sérstaklega í aldurshópnum fjórtán til fimmtán ára. „Athyglisverðast við þetta er að þau börn sem á annað borð hafa verið í vanda um ævina eru líklegri til að neyta frekar vímuefna en áður var. Línur hafa því skerpst í þessum málum því á sama tíma sýna kannanir að almennt hefur dregið úr fikti krakka á landinu," segir Halldór. Hann bendir á að flest þeirra barna sem koma til meðferðar eigi sér langa sögu um vandamál oft löngu áður en fíkniefnaneysla þeirra hófst. „Þetta sýnir okkur hve mikilvægt það er að bregðast við vandamálum barna strax með það í huga hve auknar líkur eru á því að þau leiðist út í misnotkun fíkniefna síðar meir, jafnvel má hafa þetta í huga þegar þau eru á leikskólaaldri," segir hann. Þá segir hann áhyggjuefni hve aðgengi unglinganna að vímuefnum virðist hafa aukist.

karen@frettabladid.is

**MEÐFERÐARHEIMILIÐ STUÐLAR** Samkvæmt upplýsingum frá Stuðlum er kannabis það efni sem flestir unglingar höfðu misnotað.

**LÖNG SAGA UM VANDA** Yfirsálfræðingur á Stuðlum segir að flest börnin sem þangað koma í meðferð vegna vímuefnanotkunar hafi átt í vanda löngu áður en fíkniefnaneysla þeirra hófst. Enn meiri líkur séu nú á því að þau sem hafa átt við vandamál að glíma, til að mynda vegna bágra heimilisaðstæðna eða misnotkunar, neyti vímuefna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Kosningabaráttan í Danmörku komin á endasprettinn:

# Khader spáð oddaaðstöðu

**DANMÖRK, AP** Skoðanakannanir í Danmörku benda til að Nýtt bandalag, miðjuflokkur sem stofnaður var í maí síðastliðnum að frumkvæði þingmannsins Nasers Khader, komist í oddaaðstöðu um myndun næstu ríkisstjórnar eftir þingkosningarnar á þriðjudaginn.

Samkvæmt niðurstöðum síðustu kannana nú fyrir helgi mælast flokkarnir að baki núverandi ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen – Venstre, Íhaldsflokkurinn og Danski þjóðarflokkurinn – með samtals 47 prósenta fylgi, sem ekki myndi duga til að tryggja þeim áframhaldandi þingmeirihluta. Vinstriflokkarnir mælast með samtals 40 prósent en Nýtt bandalag fimm prósent.

„Við óskum okkur þess að fá ríkisstjórn í kringum miðjuna," hefur fréttastofan AP eftir Khader, sem er af sýrlenskum uppruna og þekktur talsmaður hófsamra múslima í Danmörku. Yfirlýst höfuðmarkmið hans í kosningabaráttunni er að binda enda á þau miklu áhrif sem Danski þjóðarflokkurinn hefur haft í krafti þess að sjá Fogh fyrir þingmeirihluta tvö kjörtímabil í röð.

Khader var í þrettán ár meðlimur Flokks róttækra í Danmörku, sem skipaði stórt hlutverk í dönskum stjórnmálum til ársins 2001. Eftir það gekk Khader til liðs við Nýja bandalagið þar sem hann lætur nú til sín taka. - aa

**NASER KHADER** Khader, sem er þekktur talsmaður hófsamra múslima, vonast til að miðjustjórn verði mynduð í Danmörku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Havanaborg og/eða Varaderoströndin**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 13 nátta ferð til Kúbu 5. desember þar sem dvalið er á hinni vinsælu Varaderoströnd og/eða í hinni einstöku Havanaborg. Kúba er ævintýri sem lætur engan ósnortinn. Ekki aðeins kynnist þú stórkostlegri náttúrufegurð eyjunnar, heldur einnig einstakri þjóð. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á Varaderoströndinni á frábærum kjörum. Athugið mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði!

**Perlur Kúbu - 5. des.**

Athugið - 4 sæti eru laus í þessa einstöku ferð.

**59.990 kr.** Arenas Doradas ❊❊❊
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 13 nætur á Hotel Arenas Doradas ★★★ með morgunverði, 5. des. Aukalega fyrir allt innifalið í 13 nætur kr. 19.800 (valkvætt).

**69.990 kr.** Havana & Varadero
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 6 nætur á Hotel Occidental Miramar ★★★★ í Havana og 7 nætur á Hotel Arenas Doradas ★★★ á Varadero með morgunverði, 5. des. Aukalega fyrir allt innifalið í 6 nætur á Varadero nætur kr. 12.400 (valkvætt).

**74.990 kr.** Havana
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 13 nætur á Hotel Occidental Miramar ★★★★ með morgunverði, 5. des.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099

Skólastarfsmenn í Vogum:

# Máltíðir hækka um 80 prósent

**SVEITARSTJÓRNIR Íris Bettý Alfreðsdóttir, fulltrúi minnihluta H-lista í bæjarstjórn Voga, gagnrýnir ákvörðun meirihluta E-lista um að hækka verð á máltíðum til starfsmanna grunnskólans. Ekki eigi að afnema þessi fríðindi þegar skólastjórnendur berjist við að halda í starfsmenn. Bergur Álfþórsson, fulltrúi meirihlutans, segir gjaldið fyrir máltíðirnar ekki hafa breyst í átta ár. Eftir hækkunina sé það samt 60 prósent lægra en kjarasamningur geri ráð fyrir. Heit máltíð kosti frá áramótum 330 krónur í stað um 180 króna. Allir nemendur fái þó ókeypis mat eins og áður.** - gar

Verkefnum fækkar á Mið-Austurlandi og atvinnuleit er hafin, aðallega hjá erlendum verkamönnum:

# Slæmt ástand í jaðarbyggðum fyrir austan

**VINNUMARKAÐUR** Verkefnum á Mið-Austurlandi hefur fækkað og titringur er á vinnumarkaði. Atvinnuleit er hafin. Ólöf Guðmundsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Austurlandi, segir að meirihluti atvinnuleitenda sé útlenskur, sérstaklega Pólverjar. Þetta sé fólk sem hafi komið hingað á öðrum forsendum en erlendu verkamennirnir á Kárahnjúkum eða hjá Bechtel.

„Við erum farin að fá hér inn atvinnuleitendur sem eru að missa vinnuna eða sjá fyrir breytingar í vændum á næstu vikum eða mánuðum," segir Ólöf.

Svæðisvinnumiðlun Austurlands þjónar svæðinu frá Bakkafirði í norðri suður í Öræfi. Ólöf segir að enn sé rífandi atvinna á Mið-Austurlandi en ástandið sé slæmt í jaðarbyggðunum vegna kvótaskerðingarinnar; á Bakkafirði, Vopnafirði, Borgarfirði eystri, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi.

ÓLÖF GUÐMUNDSDÓTTIR

„Þetta eru tiltölulega fámennar byggðir og þær lenda utan við þá vinnu sem hér er að hafa. Íbúar á þessum stöðum geta ekki keyrt á milli á hverjum degi. Það væri helst hægt að vera hér vinnuvikuna og fara heim um helgar en Alcoa hefur til dæmis ekki viljað ráða fólk á þeim forsendum," segir hún.

„Alcoa miðar við 50-60 kílómetra radíus og vill helst að fólkið búi hér á Mið-Austurlandi þannig að það þýðir bara fólksflutninga og verðlausar eignir á smástöðunum." - ghs

**KEMUR ILLA VIÐ FÓLK** Kvótaskerðingin kemur illa við marga fyrir austan, sérstaklega þá sem búa utan við 60 kílómetra radíus frá Reyðarfirði. Norðfirðingar geta keyrt til vinnu á Reyðarfirði ef þeir vilja og atvinnuástandið er gott þar en kvótaskerðingin kemur sér samt illa fyrir þá sem stunda sjóinn.

**ÁFENGI** Félag íslenskra stórkaupmanna segir að takmörkun á frjálsri sölu áfengis muni leiða til kærumála.

FÍS ályktar um áfengissölu:

# Lækka þyrfti áfengisgjöld

**VIÐSKIPTI** „FÍS er þeirrar skoðunar að afnám einokunar verði að ná til alls áfengis, án tillits til styrkleika þess," segir í tilkynningu Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS). Þá segir að takmörkun á frjálsri sölu áfengis muni leiða til kærumála vegna röskunar á samkeppni.

FÍS telur jafnframt að aðlögunartími í frumvarpi um frjálsa sölu á léttvíni og bjór sé of stuttur. Auk þess sé ljóst að lækka þurfi áfengisgjöld, þar sem sérverslunum sé ekki stætt á rekstri með jafn lága álagningu og hefur tíðkast hjá ÁTVR.

Að lokum leggur félagið áherslu á að áfengisauglýsingar verði leyfðar með takmörkunum. - eb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur á Njarðargötu

Brot 32 ökumanna voru mynduð á Njarðargötu í Reykjavík í lok síðustu viku. Á einni klukkustund fóru 265 ökutæki framhjá hraðamyndavélum lögreglunnar og reyndust tólf prósent þeirra aka yfir leyfilegum hámarkshraða, sem er fimmtíu kílómetrar á klukkustund. Meðalhraði hinna brotlegu var liðlega 61 kílómetra hraði.

HVAÐ GETA STJÓRNENDUR LÆRT AF FIMMTU SINFÓNÍU BEETHOVENS?

MAN NAU ÐUR

MIHA POGACNIK

í Salnum, Kópavogi
14/11/2007

Dagskrá:

14:00 Móttaka og veitingar
14:30 Svafa Grönfeldt
15:00 Miha Pogacnik
16:30 Dagskrárlok

Verð: 19.800 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á mannaudur.hr.is/miha

Miha Pogacnik, hinn óviðjafnanlegi fiðlusnillingur og meðlimur í World Economic Forum og Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík bjóða upp á ferðalag tónlistar og skapandi hugsunar.

*„Miha er einn áhugaverðasti „fyrirlesari" um stjórnun sem ég hef hlustað á síðustu ár. Með fiðlu og klassíska tónlist að vopni tengir hann saman tvo ólíka heima, listir og viðskipti, og fær þá sem á hlýða til að hugsa á nýjan hátt um dagleg viðfangsefni."*

- Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

GOTTFOLK

Landsbankinn
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
Morgunbladid
Deloitte.

MANNAUÐUR er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík, Landsbankans, Deloitte, Morgunblaðsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Landsbankinn er meginstyrktaraðili verkefnisins.

## „ORÐRÉTT“

*Sannur sjálfstæðismaður*

**„Ég ætla að deyja sem sannur sjálfstæðismaður.“**

FLOKKSHOLLUSTA VILHJÁLMS Þ. VILHJÁLMSSONAR, FYRRVERANDI BORGARSTJÓRA, NÆR ÚT FYRIR DAUÐA OG GRÖF.
Fréttablaðið 11. nóvember

*Brækur skipta máli*

**„Ég fer í sérstakar skemmtananærbuxur fyrir hverja skemmtun, ef ég á erfiðan dag í vændum eru það nærbuxur í hernaðarlitum.“**

LEIKARINN BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON ER ÁVALLT VIÐ ÖLLU BÚINN
Fréttablaðið 11. nóvember

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTJANA MARGRÉT SVANSDÓTTIR, EIGANDI LÚKASAR

# *Ætlar að búa sig undir áramótaskaupið*

„Það er bara allt gott að frétta,“ segir Kristjana Margrét Svansdóttir, sem komst í fréttirnar þegar hundurinn hennar hann Lúkas hvarf sporlaust á Akureyri og fannst svo um síðir.

„Ég er bara að vinna vinnuna mína og stússast,“ segir hún, en Kristjana starfar sem verslunarstjóri í Dýraríkinu í Blómavalshúsinu á Lónsbakka.

„Búðin gengur ljómandi vel. Við seljum mest af hunda- og kattavörum og því sem tengist fiskum. Þetta selst allt jafn vel,“ segir hún. Hundar og hundavörur séu þó helst í tísku, eins og síðustu ár.

„Svo reyni ég bara að hafa það gott með barninu mínu og hundinum. Lúkas er að verða aftur eins og hann á að sér að vera. Þetta er búið að vera svolítið erfitt því hann var alveg villtur þegar hann kom heim,“ segir hún.

„Fjölskyldan stækkaði um daginn þegar við fengum hana Dísu, sem er lítill smáhundablendingur. Hún leikur við Lúkas og það gengur allt vel.“

Kristjana er aðkomukona á Akureyri og þekkir fáa, en bæjarbúar vita flestir hver hún er. Hún segir að þeir hreyti öðru hverju í hana misgáfulegum athugasemdum. „Sumt fólk sér sig til dæmis knúið til að ganga yfir götuna til að tilkynna mér að ég eigi ljótasta hund í heimi! En mér finnst hundarnir mínir fallegir.“

Kristjana vill sem minnst ræða Lúkasarmálið en hana grunar að hún verði tekin fyrir í áramótaskaupinu. „Ég er eiginlega skíthrædd við að ég verði í því og ætla að fá mér gott rauðvínsglas áður en það byrjar. Maður horfir ekki edrú á svona nokkuð!“

## SJÓNARHÓLL
BITRUVIRKJUN

### *Frekja og ósmekklegheit*

**DRÍFA JÓNASDÓTTIR**
afbrotafræðingur

„Hann hefði bara átt að sleppa því að lofa rafmagnsframleiðslu áður en hann spjallaði við sína sveitunga og kjósendur. Taktík hans kallast á fallegu máli að lofa upp í ermina á sér og þykir slíkt ekki fínt,“ segir Drífa Jónasdóttir afbrotafræðingur. Skipulags- og byggingarnefnd Hveragerðisbæjar hefur alfarið lagst gegn framkvæmdum Bitruvirkjunar og er Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss, ósáttur við það. Segir hann fólk ekki geta lifað á loftinu einu auk þess sem búið hafi verið að eyrnamerkja orkuna til álversins í Helguvík.

„Af viðbrögðum íbúa á Suðurlandi var ekki búið að ræða mikið við þá um málið. Ekki virðast íbúarnir óttast dauða og djöful á Suðurlandi þótt álver sem er ekki til fái ekki orku.

Þetta er svolítið svipað og að gefa dóttur sína til giftingar áður en hún lærir að tala. Samkvæmt Óla virðist það að hætta við þessa virkjun þýða að aldrei aftur megi nýta auðlindir. Mér finnst Ólafur Áki sýna dálitla frekju í þessu máli og ósmekklegt af honum að saka Hvergerðinga um hrakfarir og hörmungar sem hann sér í framtíðinni.“

# Skólinn kyntur með viðar

**Skógarvörðurinn í Hallormsstaðarskógi ætlar að gera tilraun með að kynda barnaskólann á Hallormsstað með viðarkurli eins og tíðkast sums staðar erlendis. Kurlið yrði þá sett á tank og færi svo sjálfkrafa í brennsluketil sem hitar upp vatnið. Vandinn er samkeppni við niðurgreidda orku. Skólinn fær svokallaða afgangsorku á lægra verði en Skógræktin getur boðið upp á. Þess vegna er tilraunin ekki hafin enn.**

**FYRSTA GRISJUN NÝTT** „Hugmyndin er sú að nýta grisjunarvið úr fyrstu grisjun til að kynda hús en oft eru lítil verðmæti í henni,“ segir Þór Þorfinnsson, skógarvörður í Hallormsstað, sem hér sést með hundinum sínum Che. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hugmyndin er sú að nýta grisjunarvið úr fyrstu grisjun til að kynda hús en oft eru lítil verðmæti í henni. Við erum að reyna að koma því á koppinn strax á næsta ári að barnaskólinn hér verði kyntur með viðarkurli. Þetta verður sjálfvirk kynding, í staðinn fyrir olíu verður kurlið sett á tank og fer svo sjálfkrafa í brennsluketil. Eldurinn hitar síðan vatnið sem fer á húsið,“ segir Þór Þorfinnsson, skógarvörður á Hallormsstað.

Kurlkyndingin á Hallormsstað er liður í samstarfsverkefni Finna, Skota og Íslendinga en Þór segir að erlendis sé kurl notað til að kynda heilu borgirnar. „Hnífurinn í kúnni núna er orkuverðið. Við keppum við niðurgreidda orku, svokallaða afgangsorku, sem skólarnir fá og verðum að bjóða upp á sama verð til að vera samkeppnisfær. Við erum að vinna í því að geta setið við sama borð og þurfum að eiga fund með ráðamönnum í iðnaðarráðuneytinu til að finna flöt á því. Flest annað er tilbúið,“ segir hann.

**VIÐ GRISJUN** Skógarhöggsmaður við grisjun í Hallormsstaðarskógi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þór er skógarvörður á Austurlandi og hefur því umsjón og eftirlit með jörðum Skógræktar ríkisins í fjórðungnum. Hann segir starfsemina margslungna, að reka skóglendi, hirða um skógana og grisja, opna skógana og gera þá aðgengilega fyrir almenning með gönguleiðum, tjaldsvæðum og grillsvæðum og taka á móti ferðamönnum og bjóða til dæmis upp á leiðsöguferðir.

„Þessa dagana erum við að grisja skóg og vinna timbrið í borð og planka, girðingarstaura og arinvið og annað sem fellur til. Á næstu vikum förum við í jólatrén. Við fellum stór og smá tré, svokölluð torgtré sem fara mestmegnis á torg í fjórðungnum og svo eru heimilistré seld hér á




## ULURU:
### UPP MEÐ HVÍTA HANSKA

■ Flestir sem ferðast inn í miðju Ástralíu gera sér ferð að einu best þekkta fjalli álfunnar, Uluru, sem einnig er kallað Ayers Rock. Uluru er 348 metra hátt, og allt úr samföstum sandsteini. Þess vegna er gjarnan sagt að það sé stærsti steinn í heimi. Vinsælt er að klifra upp á fjallið þótt frumbyggjar leggist gegn því. Algengt er að japanskir ferðamenn klífi fjallið með hvíta bómullarhanska á höndum, sem taka á sig rauðan blæ þegar fjallið er klifið, og enda svo í myndaramma á vegg heima hjá viðkomandi.

# kurli

**Í PALL VIÐ KÁRAHNJÚKAVIRKJUN**
Viðurinn í Hallormsstað er nýttur í margt, meðal annars er Skógræktin að framleiða efni í 140 fermetra pall við stjórnstöð Kárahnjúkavirkjunar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Austurlandi og Akureyri. Bændur eru líka farnir að fella sjálfir og selja á markaði, þeir bjóða líka fólki að koma í skógana og velja sér tré og það gerum við líka,“ segir hann.

Starfsemi Skógræktarinnar á Hallormsstað er ekki sjálfbær ennþá. Gert er ráð fyrir að heildarreksturinn kosti 51 milljón í ár og 23 milljónir króna fáist fyrir vörusöluna. Sértekjurnar eru því heilmiklar. Þór segist samt aldrei fá nægar fjárveitingar í verkefni, hann hafi alltaf þörf fyrir meiri mannskap og peninga því verkefnin séu yfirdrifin.

„Ég þyrfti að komast yfir meiri grisjun árlega en við höfum gert lengi. Ef maður grisjar ekki skógana þá dregur úr vexti þeirra og það viljum við ekki,“ segir hann.

Framleiðsla Skógræktarinnar nýtist í margt. Þannig fer til dæmis arinviðurinn á markað í Reykjavík, kurlið er notað í göngustíga, útivistarsvæði og leikvelli og svo er Skógræktin á Hallormsstað að framleiða efni í 140 fermetra pall við stjórnstöð Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal, svo eitthvað sé nefnt.

„Það er mikilvægt að nýta grisjanir og fá upp í kostnað. Þetta eru verðmæti sem hægt er að handfjatla en síðan er útivistin verðmæti sem ekki verða metin til fjár,“ segir Þór. **ghs@frettabladid.is**


www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 07-1048

Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

• 16" álfelgur • Hraðastillir • Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
• Leðurklætt stýri • Hiti í framsætum • Aðkomuljós

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

N1

Hjá N1 finnur þú landsins mesta úrval af bílavarahlutum og vönduð vörumerki frá viðurkenndum framleiðendum. Í verslunum okkar um land allt er fagfólk reiðubúið að veita þér alla þá aðstoð og ráðgjöf sem þú þarfnast. 3 ára ábyrgð er á varahlutum frá N1.

WWW.N1.IS

N1 – Meira í leiðinni.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stöðnun og glerþak á Íslandi:

## Tæp öld í fullt jafnrétti

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR**

Um helgina bárust okkur fregnir af því að samkvæmt rannsókn Alþjóðlegu efnahagstofnunarinnar er Ísland í fjórða sæti yfir þær þjóðir þar sem kynjabilið er hvað minnst og jafnrétti kynjanna því hvað mest. Fyrir ofan okkur eru önnur Norðurlönd; Svíþjóð, Noregur og Finnland. Auðvitað ber því að fagna hve vel Ísland stendur í jafnréttismálum, ef ekki væri fyrir mikilvægan fyrirvara í skýrslu stofnunarinnar, en þar segir að Norðurlöndin hafi mælst vel í öllum fjórum þáttum sem tekið var tillit til; launamun kynjanna, aðgang að menntun, kynjahlutfalli stjórnmálamanna og heilsu kynjanna. Því má samt ekki gleyma, eins og fram kemur í fyrirvara skýrslunnar, að ekkert ríki hafi náð fullu jafnrétti kynjanna.

Það heyrast alltof oft í pólitískri umræðu á Íslandi, jafnvel á hinu háa Alþingi, raddir sem reyna að draga úr þeim sem vilja ná fullu jafnrétti hér á landi með þeim rökum að við stöndum okkur betur hér en þekkist í flestum öðrum löndum. Rökin eru með öðrum orðum þau, að af því að aðrir eru meiri slugsarar í þessum málaflokki, þá þurfum við ekki að hafa miklar áhyggjur. Við stöndum okkur betur.

Þeir sem hafa aðeins hugsað út í forsendur þessara raka gegn áframhaldandi vörslu um mikilvægi jafnréttis, og aðgerða þess efnis, sjá í hendi sér að þau standast engan veginn. Jafnrétti kynjanna er ekki kapphlaup um að vera fljótastur. Að minnsta kosti væri jafnréttið nokkuð langdregið kapphlaup því ekki eygir í nokkurn sem nálgast markið.

Frá síðasta ári tókst Íslendingum að minnka kynjabilið um 0,23 prósentustig, samkvæmt mælingum efnahagstofnunarinnar, en bilið er nú 21,6 prósent. Með þessu áframhaldi mun það því ekki taka nema 94 ár að ná fullu jafnrétti. En þá erum við bjartsýn og gerum ekki ráð fyrir neinum skakkaföllum og að þróunin haldist áfram jákvæð.

Það eru ekki allir bjartsýnir á slíka þróun, en um helgina var einnig ráðstefna Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum. Þar benti Drude Dahlerup, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Stokkhólmi, á hættuna á stöðnun í jafnréttismálum. Slík stöðnun getur meðal annars komið til af trú á því að við séum að standa okkur svo vel að ekkert þurfi í raun að gera. Dahlerup gekk reyndar lengra og talaði um „glerþakslöndin“ tvö; Ísland og Danmörku, þar sem minnstur árangur hefði náðst í jafnréttismálum sé miðað við Norðurlöndin. Ef litið er til skýrslu Alþjóðlegu efnahagstofnunarinnar hefur þessum tveim löndum farið aftur á síðustu tveimur árum. Ísland fallið úr þriðja sæti, en Danmörk fallið úr því fjórða niður í það áttunda.

Í þessum málum, sem og öðrum þar sem barist er fyrir mikilvægum hagsmunum, er mikilvægt að sofna ekki á verðinum og halda að allt sé í lukkunnar standi fyrst við stöndum okkur ekki jafn illa og Ekvador eða Sádi-Arabía sem þó bættu sig hvað mest frá síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þorsteinn norður?

Fimm sóttu um embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra sem dómsmálaráðherra skipar í frá og með næstu áramótum. Þetta eru Guðmundur Kristjánsson lögmaður, Halldór Björnsson, aðstoðarmaður í Hæstarétti, Pétur Dan Leifsson lektor, Ragnheiður Jónsdóttir, fulltrúi sýslumannsins á Húsavík, og Þorsteinn Davíðsson, aðstoðarsaksóknari og deildarstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þorsteinn, sem er sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, var áður aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

### Sagan endalausa

Fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu að Helgi Gíslason myndhöggvari væri aðeins rétt byrjaður á brjóstmynd af Markúsi Erni Antonssyni, fyrrverandi borgarstjóra. Þegar brjóstmyndin er fullkláruð verður hún sett upp í Ráðhúsinu eins og aðrar myndir af fyrrverandi borgarstjórum. Það hefur tekið dágóðan tíma að koma brjóstmyndunum upp en sú nýjasta, sem afhjúpuð var í fyrra, er af Davíð Oddssyni seðlabankastjóra sem hætti sem borgarstjóri árið 1991. Helgi myndhöggvari er ekki í öfundsverðu hlutverki enda auðvelda tíð borgarstjóraskipti honum ekki starfið.



### Fullt út úr dyrum

Og meira af brjóstmyndunum. Ef fram heldur sem horfir verður allt pláss, í stigaganginum þar sem brjóstmyndirnar eru geymdar, uppurið þegar myndin af Steinunni Valdísi Óskarsdóttur verður afhjúpuð. Fyrir vikið má búast við að myndirnar af Steinunni Valdísi og eftirmönnum hennar í borgarstjórastólnum, verði geymdar á öðrum stað. Nú og sé miðað við að það taki fimmtán ár að gera hverja brjóstmynd, eins og í tilviki Davíðs, má gera ráð fyrir að það taki um 90 ár að klára brjóstmyndirnar af borgarstjórunum fyrrverandi sem eftir eru, það er þeim Árna Sigfússyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Þórólfi Árnasyni, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni.

kristjan@frettabladid.is

# Bílræði

**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**
**Í DAG** | Bílar

Af hverju geta bílar ekki svifið yfir jörðinni, að minnsta kosti af og til – maður ýtir á takka og bíllinn lyftir sér hægt og rólega upp þegar maður mætir einhverjum vitleysingi á ofsaferð...

Af hverju eru bílar úr málmi? Af hverju eru þeir ekki úr einhverju eftirgefanlegu frauðplasti þannig að þegar tveir bílar rekast hvor á annan gerist ekki neitt annað en að bílstjórarnir fara að skríkja eða brosa skömmustulega?

### Klossaðar vélar

Af hverju eru bílar svona dýrir? Fólk ver stærri hluta tekna sinna í að greiða af bílum, að ógleymdum alls kyns gjöldum – og horngrýtis stöðumælasektunum – en í föt handa börnunum sínum eða mat eða aðrar nauðsynjar. Sér enginn eftir peningunum í svo innilega dauðan hlut? Nú hafa bílar verið fjöldaframleiddir í næstum því öld – T-módel Henrys Ford er frá 1908 – en getur ekki hugsast að við eyðum stærri hluta tekna okkar í bíla en viðskiptavinir Fords gamla gerðu á fyrstu áratugum 20. aldarinnar? Er það viskulegt? Hefði átt sér stað eðlileg þróun myndu bílar kosta svona tíu tuttugu þúsund krónur, og kannski allt upp í fimmtíu þúsund eftir því hvað þeim fylgdi mikið þjatt.

Af hverju eru bílar alltaf að rekast hver á annan? Hvernig í ósköpunum stendur eiginlega á því – eftir allt mannfallið – að mönnum er enn treyst til að stjórna bílum? Af hverju er ekki sjálfstýring á þeim? Af hverju get ég ekki farið út í bíl og stillt á ákveðna forritaða leið og síðan bara farið að lesa í nýju bókinni hans Gyrðis á meðan bíllinn fer með mig á áfangastað? Þá gæti bíllinn numið einhvern veginn óvæntar hættur á leiðinni og brugðist við þeim, til dæmis með því að fara upp í loftið þegar vitleysingurinn á ofsahraðanum nálgast.

(Vitleysingarnir á ofsahraðanum þurfa náttúrulega á sérstökum úrræðum að halda. Í fyrsta lagi þarf að ná þeim undan stýri út af hættu sem samborgurum stafar af þeim og í öðru lagi þarf

*... því meiri þjöppun því glæsilegri þykir hluturinn, því meira hugvit þykir búa að baki. Af einhverjum ástæðum er þessu þveröfugt varið með bíla: þar virðist hugvit ekki aðalatriðið. Menn aka blygðunarlaust um á farartækjum sem minna á vörubíla eða skriðdreka.*

að finna þeim verðugan vettvang til að fá kröfum sínum viðnám: er ekki hægt að senda þá á sjóinn? Að það sé refsingin við ofsaakstri: að vera dæmdur til hundrað daga á sjó að berjast við höfuðskepnurnar...)

Af hverju eru bílar svona stórir? Sú var tíð að tölvur þöktu heilu herbergin og gemsar þykja því hlægilegri sem þeir eru stærri: þannig er það með flesta hluti sem taka eðlilegri þróun í markaðssamfélaginu. Þeim er þjappað saman: því meiri þjöppun því glæsilegri þykir hluturinn, því meira hugvit þykir búa að baki. Af einhverjum ástæðum er þessu þveröfugt varið með bíla: þar virðist hugvit ekki aðalatriðið. Menn aka blygðunarlaust um á farartækjum sem minna á vörubíla eða skriðdreka.

Þetta mun eiga að veita öryggiskennd: hinn mun drepast.

### Kjörlendi tyggjóklessunnar

Af hverju eru bílar svona leiðinlegir? Af hverju eru þeir svona stórir og luralegir? Svona þungbúnir – svona búralegir? Svona ferkantaðir? Getur verið að karlmenn af ákveðnu tagi ráði um of ríkjum í hönnun bíla?

Hvað sem öllum þessum spurningum líður þá er svo komið að við getum ekki lengur látið eins og ekkert sé gagnvart bílum og því bílræði sem við búum við þar sem flestar þarfir mega víkja fyrir þörfum bílsins. Sú var tíð að bílar voru stórkostlegt framfaratæki og þeir hafa vissulega gert margt í lífi okkar auðveldara. En þeir eru orðnir alltof margir – alltof fyrirferðarmiklir, og þeir eru farnir að flækja líf okkar.

Bílar eiga meiri sök á því en nokkuð annað hversu grátt og þungbúið er stundum í Stór-Reykjavík, bæði hin endalausu bílastæði sem þekja um helming borgarlandsins, þetta kjörlendi tyggjóklessunnar þar sem ekkert fær þrifist og eins virðast heilu hverfin snúast einvörðungu um bíla – verkstæði á verkstæði ofan og bílasölur eftir bílasölur.

Af hverju eru bílar svona frumstæðir? Hvers vegna þurfum við enn að hökta um alla daga á vél sem fundin var upp og hugsuð á 19. öld og hefur lítið þróast síðan í aðalatriðum?

# Lækkum verðlagið

**UMRÆÐAN**
Neytendamál

**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**

Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum að ný ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hefur sett neytendamálin á oddinn. Í raun er þetta í fyrsta skipti sem neytendamálin fá þann sess sem þau eiga skilið í íslenskum stjórnmálum. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar er afar neytendavænn. Þá hefur viðskiptaráðherra kynnt umfangsmiklar umbætur á sviði neytendamála.

Við munum ryðja í burtu samkeppnishindrunum, s.s. uppgreiðslugjaldi og stimpilgjaldi. Við munum stuðla að lægra verðlagi til samræmis við það sem þekkist í nágrannalöndum, meðal annars með lækkun tolla og afnámi vörugjalda.

Við munum setja lög um greiðsluaðlögun til að skapa leið til að létta oft á tíðum óyfirstíganlega skuldabyrði fólks og setja skýrari reglur um réttarstöðu ábyrgðamanna fjárskuldbindinga til að draga úr vægi sjálfskuldarábyrgða. Sett verða innheimtulög sem takmarka álagðan innheimtukostnað og til stendur að endurskoða lög um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðar. Við munum einnig efla Samkeppniseftirlitið og Neytendasamtökin og styrkja neytendaréttinn til muna.

Þá ætlar ríkisstjórnin að auka tannvernd barna með gjaldfrjálsu eftirliti og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna og veita nemendum í framhaldsskólum stuðning til kaupa á námsgögnum. Og nú þegar eru hafnar aðgerðir sem eiga að stuðla að lækkuðu lyfjaverði.

Af þessari upptalningu sést glögglega á hvaða leið þessi ríkisstjórn er. Undirliggjandi er skilningur á því að kjarabarátta nútímans snýst ekki eingöngu um hærri laun heldur einnig um að verðlag verði lægra og kjörin betri. Neytendamálin snerta allan almenning og umbætur á því sviði koma öllum til góða.

Það á ekki að vera náttúrulögmál að verðlag sé allt annað og miklu hærra en annars staðar í kringum okkur. Ísland á ekki að þurfa að vera okursamfélag. Stjórnarmeirihlutinn gerir sér grein fyrir því og af þeirri ástæðu verður ráðist í umfangsmiklar breytingar sem munu koma almenningi í landinu til góða.

*Höfundur er formaður viðskiptanefndar Alþingis.*

# Hjónabandið

**UMRÆÐAN**
Hjónavígslur samkynhneigðra

Ekki alls fyrir löngu var hjónaband svartra og hvítra bannað á ýmsum stöðum. Það þótti mikið framfaraskref þegar farið var eftir þeirri kennisetningu að svartir og hvítir væru á allan hátt jafnir, bara aðskildir. Þessi hugsun er nokkuð seig á ólíkum sviðum mannlífsins – „jöfn en aðskilin“ – þótt sagan kenni okkur auðvitað að þar sem er aðgreining, þar er ójöfnuður.

Hjónaband nútímans byggir á lífssambandi tveggja jafningja sem játa hvor öðrum ást sína og heita trúmennsku. Þessi skilningur á hjónabandi er afar nýr í sögulegu samhengi og nánast fjarstæðukennd hugsun hjá meirihluta jarðarbúa enn þann dag í dag. Í hverri umræðunni á fætur annarri er þó talað eins og „hjónabandið“ sé búið að vera eitt algilt og óbreytilegt fyrirbæri um aldir. Ekkert er fjær sanni. Það hjónaband sem við þekkjum í dag væri fullkomlega óhugsandi fyrir 100 árum eða 200, að ekki sé talað um fyrir 2.000 árum. Hjónabandið hefur tekið byltingarkenndum breytingum og er óþekkjanlegt frá því sem var.

Sem þessar línur eru skrifaðar liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytt hjúskaparlög. Breytingin er einföld og í samræmi við réttindi og skyldur sem nú þegar liggja fyrir í landslögum – að kyn para skipti ekki máli þegar þau játa ást sína og skuldbindingar til hvors annars.

GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Í núgildandi hjúskaparlögum er hvergi minnst á kristilegan tilgang hjúskapar og ekkert í lögunum mismunar einstökum trúfélögum. Í raun eru hjúskaparlögin fáorð um þau grundvallarsjónarmið sem að baki hjúskap liggja, en í stuttu máli má segja að inntakið sé þetta: hjúskapur er frjálst samkomulag jafningja um lífssamband – samkomulag sem auðvelt er að stofna til og tiltölulega auðvelt að ljúka (nú til dags). Auk ýmissa efnahagslegra þátta felur þetta samkomulag í sér jafnrétti og samstöðu hjóna, að þau sýni hvort öðru trúmennsku. Öllum hlýtur að vera ljóst að hjón geta verið hjón þótt þau séu barnlaus og því fellur hin rótgróna hugmynd um hjónaband sem stofnun æxlunar um sjálfa sig.

Nú má deila um það hvort allir sem finna sig í hjónabandi fullnægi þeim sjónarmiðum sem lög kveða á um – um trúmennsku í lífssambandi jafningja. Þar er án efa víða pottur brotinn þótt fáir tali um það sem sérstaka ógnun við hjónaband nútímans. En ef innihald hjónabandsins byggir á þessum gildum þá er ómögulegt að skilja hvernig tveir fullorðnir einstaklingar af sama kyni sem gangast undir þessa skilmála séu að gengisfella hjónabandið eða stríða gegn hinni róttæku nútímahugsun hjúskapar sem lífssamband jafningja. Kærleikanum á væntanlega alltaf að taka fagnandi, og í sögulegu samhengi er sú lagabreyting sem nú liggur fyrir smávægileg miðað við þær byltingar sem stofnun hjónabandsins hefur gengið í gegnum um aldirnar. Þetta er spurning um jafnræði og þetta er líka spurning um mannkærleika í nútímasamfélagi ólíkra fjölskyldumynstra.

Ég heiti á alþingismenn að fara eftir eigin samvisku í þessu máli – eins og stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir – og láta aðra pólitík lönd og leið. Ef þeir gera það efast ég ekki um að þverpólitísk samstaða og meirihlutasamþykkt þingmanna úr öllum flokkum náist í málinu, íslensku löggjafarsamkundunni til sóma.

*Höfundur er varaþingmaður VG.*

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

ÞÚ GEFUR STYRK!
styrkjum geðheilsu barna!
www.spar.is
Sparisjóðurinn styrkir félagasamtök sem vinna starf sem snýr að **börnum og unglingum** með geðraskanir. Allir landsmenn geta lagt þessu góða málefni lið en Sparisjóðurinn leggur fram 1.000 kr. fyrir hönd hvers viðskiptavinar sem vill láta gott af sér leiða með því að styrkja félag innan söfnunarinnar. Farðu inn á **spar.is** eða komdu við á næsta afgreiðslustað Sparisjóðsins og gefðu þinn styrk.
SPARISJÓÐURINN
Fíton/SÍA

# Staðreyndir um matvörumarkaðinn

**UMRÆÐAN**
Matvælaverð

Síðustu daga hefur ýmislegt verið sagt um verslanir Bónuss og matvörumarkaðinn. Upp hafa sprottið sjálfskipaðir álitsgjafar úr öllum hornum samfélagsins, ráðamenn þjóðarinnar hafa gefið út skotleyfi á þá aðila sem á markaðnum starfa. Málið hefur verið tekið upp á Alþingi, birt hefur verið nafnlaust bréf í Morgunblaðinu og nafnlausum viðtölum útvarpað í Ríkisútvarpinu. Því hefur verið haldið fram að blekkingum sé beitt í stórum stíl gagnvart neytendum og Bónus og Krónan viðhafi með sér samráð. Umræðan hefur farið svo víða og svo margt verið afvegaleitt að ekki verður við unað, án þess að reynt sé að spyrna við fótum.

### Verðkönnun RÚV og verðlagning

Starfsmenn RÚV gerðu verðkönnun í Bónus og Krónunni. Bónus stóðst það próf. Sama verð í Bónus fyrir húsmæður og fréttakonur. Engu að síður hefur umræðan haldið áfram og talað um að Bónus selji svokallaðan verðkönnunarkjúkling, þ.e. kjúklingabringur sem faldar séu fyrir neytendum. Er það rétt? Nei, staðreyndin er sú að Bónus hefur selt Bónus-kjúklingabringur fyrir 60 milljónir það sem af er þessu ári og Euroshopper-kjúklingabringur fyrir 120 milljónir, samtals eru þetta 180 milljónir af þessum svokallaða verðkönnunarkjúklingi, samtals gerir það um 53% af allri kjúklingabringusölu í Bónus. Það hljóta allir sem vilja sjá að það er erfitt að fela vörur fyrir 180 milljónir. Þessar staðreyndir lét ég fréttamönnum RÚV í té en þeir höfðu því miður engan áhuga á þeim og klipptu þær út úr viðtali við mig. Þær hafa sennilega ekki hentað þeirri umræðu, sem þeir ásamt öðrum fjölmiðlamönnum stýra.

Fréttamenn RÚV sögðu einnig við mig að um verðsamráð væri að ræða vegna þess að í mörgum tilfellum væri Bónus bara einni krónu ódýrari en samkeppnisaðilinn. Ég sýndi fréttamönnunum eintak af breska tímaritinu Grocer sem kemur út vikulega í Bretlandi. Í tímaritinu eru birtar verðkannanir vikulega og viti menn: Fjórar stærstu keðjurnar í Bretlandi selja helstu matvörur á nákvæmlega sama verði, alveg upp á pens! Fréttamennirnir sýndu þessari staðreynd engan áhuga, enda hentaði hún ekki orðræðu augnabliksins.

GUÐMUNDUR MARTEINSSON.

### Um þátt stjórnmálamanna

Margir stjórnmálamenn hafa tjáð sig um málið. Þannig má nefna að bæði Össur Skarphéðinsson og Pétur Blöndal hafa lýst því opinberlega að RÚV og aðrir fjölmiðlar eigi hrós skilið fyrir umfjöllunina um matvörumarkaðinn og nú sé komin fram ástæða þess að matvöruverð á Íslandi sé 60% hærra en í öðrum löndum Evrópu. Þessu héldu þeir fram án þess að blikna úr ræðustól Alþingis. Upphrópanirnar voru hefðbundnar; fákeppni, verðsamráð og vitaskuld Baugsdrullusokkarnir. Allt voru þetta hefðbundnar skýringar, sem hafa heyrst áður.

Það er óumdeilt að matvöruverð er hátt á Íslandi. Ég held hins vegar að menn ættu að hafa í huga þá staðreynd að ef Bónus gæfi alla sína framlegð, hvert einasta prósentustig, og seldi matvöru án allrar álagningar, óháð kostnaði verslunarinnar, þá væri matarkarfan samt ca 45-50% dýrari hér á landi en í öðrum löndum Evrópu. Ég gæti best trúað að hæfni í feluleik kæmi sér vel fyrir Pétur Blöndal, Össur og hinn nýja viðskiptaráðherra þegar kemur að því að svara því hvers vegna það kosti íslenska neytendur (kjósendur) 45-50% meira en nágranna þeirra að kaupa algengar landbúnaðarvörur eins og t.d ferskan kjúkling, nautakjöt, svínakjöt, egg og osta. Skyldi skýringanna nokkuð vera að leita í ofurtollum og innflutningshöftum? Þessir herrar sem hæst baula hafa ekki þor til þess að segja kjósendum hvað er rétt og hvað er rangt í þessum málum. Gömlu meðulin: Verðsamráð, fákeppni og Baugsdrullusokkarnir eru gulls ígildi og það er sú skýring sem skal koktroðið ofan í þjóðina.

Nýskipaður viðskiptaráðherra hefur vart getað leynt hneykslan sinni á aðferðum Bónuss varðandi verðkannanir í verslunum okkar samkeppnisaðila og telur þær mjög óeðlilegar, meira að segja svo óeðlilegar að hann sá ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um þær úr ræðustól Alþingis. Tvískinnungurinn er ávallt sá sami: Ráðherrann virðist vera búinn að gleyma því að ríkið rekur svokallaða Fríhöfn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og er þar í harðri samkeppni við t.d Bónus nema hvað fríhöfnin greiðir enga skatta eða gjöld af sínum söluvarningi en er þrátt fyrir það í verðsamkeppni við Bónus. Og hvað gerir þessi ríkisrekna verslun? Hún gerir út verðkönnunarfólk í verslanir Bónuss og kannar mjög reglulega verð á t.d. rakvélum, rakvélarblöðum, sælgæti, snyrtivörum og öðrum vörum, sem Fríhöfnin selur. Ég veit til þess að Fríhöfnin hefur kvartað til birgja undan lágu verði á þessum vörum í verslunum Bónuss.

Getur verið að ríkið aðhafist það sem þingmenn gagnrýna á Alþingi? Af hverju minnist hann ekki á það á Alþingi, hentar það kannski ekki orðræðu dagsins? Yrði það kannski ekki til vinsælda fallið?

### Um verðlagningu

Fréttamönnum hefur undanfarna daga verið tíðrætt um svokallaðar blekkingar, sem felast í því að vörur eru hækkaðar seinnipart dags og um helgar. Bónus hefur aldrei gert slíkt í þeim tilgangi að hafa eitthvað af neytendum, álganging Bónuss er lægri um helgar vegna hinna fjölmörgu tilboða. En fjölmiðlar hafa klifa á blekkingum, þ.m.t. RÚV. Skyldu fréttamenn RÚV ekki vita að RÚV hefur hækkað hjá sér auglýsingagjaldskrána í desember til margra ára. Af hverju skyldi það vera: Jú aukin eftirspurn eftir auglýsingaplássi ræður því að verð þarf að hækka útskýra menn á RÚV-bænum án þess að blikna. Af hverju fjalla fréttamenn RÚV ekki um það? Í mínum huga er það svipað og ef Bónus hækkaði verð á Orabaunum, Ora-rauðkáli, Egils-malti og appelsíni, hangikjötinu og hamborgarhryggnum í desember vegna aukinnar eftirspurnar, Það gerir Bónus ekki heldur lækka þessar vörur yfirleitt vegna heilbrigðrar samkeppni á markaðnum.

Ritstjóri Morgunblaðsins hefur oft hneykslast á og nefnt sem dæmi um óeðlilega viðskiptahætti Bónuss að birgjar séu látnir greiða fyrir staðsetningar í verslunum Bónuss, Það kann að hluta til að vera rétt, en er það ljótara en að selja auglýsingar í Morgunblaðinu þannig að greiða þurfi mun hærra verð fyrir t.d blaðsíðu þrjú en aðrar síður? Bæði RÚV og 365 miðlar selja sínar auglýsingasekúndur á margfalt hærra verði en t.d. Omega. Ég veit að ritstjóri Morgunblaðsins, Ari Edwald og Páll Magnússon kalla það lögmálið um framboð og eftirspurn, en þegar það á við um Bónus þá tala þessir háu herrar um ægivald.

Ég held að rétt sé að rifja upp söguna, hún spannar ekki svo mörg ár. Bónus var einu sinni mjög lítið fyrirtæki og ekkert sérstaklega spennandi fyrir birgja, meira að segja sniðgengu margir birgjar Bónus fyrstu árin. Stofnendur og starfsfólk Bónuss höfðu hins vegar metnað og á meðan þeir unnu hörðum höndum langan vinnudag alla daga vikunnar. Þá voru samkeppnisaðilarnir meira svona 9-5 menn og biðu eftir að Bónus færi á hausinn. Einn góðan veðurdag vöknuðu þeir upp við vondan draum; Bónus var kominn langt fram úr þeim öllum. Hver skyldi vera ábyrgur? Svarið er afskaplega einfalt: Starfsfólk og viðskiptavinir fyrirtækisins sem greiddu fyrirtækinu atkvæði sitt með fótunum. Þeir komu í Bónus því þeir vissu að þar væri hag þeirra best borgið.

Þegar ég tók við sem framkvæmdastjóri Bónuss fyrir tæpum níu árum fékk ég þrennt í veganesti frá fráfarandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni: 1) ekki reyna að finna upp hjólið aftur, 2) aldrei að gefa eftir lægsta verðið og 3) skila alltaf til neytenda í landinu hluta af þeim ábata sem næst með betri innkaupum og bættum rekstri. Ef þú fylgir þessu, heldur Bónus áfram að vaxa og dafna.

Þetta hefur skilað okkur því sem Bónus stendur fyrir í dag, sama verð um allt land í öllum okkar búðum. Þetta vita neytendur í landinu og þess vegna koma þeir til okkar. Ég segi það eitt við þig lesandi góður: berðu sjálfur saman verð og verslaðu þar sem þér er best borgið.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Bónuss.*

# Kennarar

**UMRÆÐAN**
Kennaraforystan

Í fótbolta er reglan nokkurn veginn svona. Ef illa gengur þá segja menn af sér eða eru reknir. Segir þetta okkur í kennarasamtökunum ekkert? Formaðurinn er sjálfkjörinn hvað eftir annað og trúlega vegna þess að fáir vita af því að framboðs-frestur til formanns var til 1. nóvember og virðast félagsmenn illa upplýstir um framboðið eða kanske allir ánægðir.

ÁSDÍS ÓLAFSDÓTTIR

Illa hefur gengið í kjarabaráttu kennara og í síðustu samningum hvatti formaður KÍ (sem er sjálfkjörinn núna eina ferðina enn) til

*Hvað er að hjá okkur kennurum og öðrum launþegastéttum í landinu? Getur það verið að forystumenn sitji alltof lengi vegna þess að launin eru mjög góð hjá þeim og menn verða værukærir og sitja sem fastast?*

þess að segja já við samningi vegna hótunar um lög á okkur. Rétt yfir 50% sögðu já. Við vitum öll hvernig staðan er, það er flótti og á eftir að verða meiri flótti úr stéttinni.

Formaður Félags grunnskólakennara er Ólafur Loftsson og hefur hann staðið sig vel fram að þessu. Hann fellur samt í skuggann vegna þess að margir halda að Eiríkur Jónsson sé formaður Félags grunnskólakennara og þess vegna ræða fréttamenn oft við hann en ekki Ólaf.

Hvað er að hjá okkur kennurum og öðrum launþegastéttum í landinu? Getur það verið að forystumenn sitji alltof lengi vegna þess að launin eru mjög góð hjá þeim og menn verða værukærir og sitja sem fastast? Nýir vendir sópa best segir máltækið, og best væri að skipta út leiðtogum á minnst 6-8 ára fresti (og á það einnig við um stjórnmálamenn). Þá mega einfaldlega verða verkaskipti, þ.e. varaformaður situr þá áfram eða verður til að leiðbeina nýju fólki. Það eru ýmsar leiðir til breytinga.

Eins og staðan er í dag virðist enginn leggja í það að bjóða sig fram á móti formanni, eða er það vegna lélegrar kynningar eða einfaldlega áhugaleysis eða bara allir ánægðir?

Kennarar jagast og þrasa sín á milli um stöðuna og hvað gerum við þegar á reynir, látum við heyra í okkur út á við, sendum við börnin heim ef ekki eru kennarar til að kenna? Nei, við reddum málunum og skortur á kennurum er lítið áberandi því við bætum bara á okkur vinnu eða skólastjórar ráða leiðbeinendur. Það er nú líka ekkert mál að fá undanþágu frá ráðuneytinu fyrir þá og eru þetta oft skólakrakkar að ná sér í vasapening.

Ungur karlkennari (ekki margir karlar í stéttinni) sem er nýbyrjaður að kenna eftir fjögur ár í háskóla sagði eftir fyrstu útborgun nú í haust „Eru launin virkilega svona lág, hvernig á ég að geta borgað af lánunum?“ Hvílík staða. Hvernig skyldi fara í vor þegar semja á við okkur? Ætli þjóðfélagið fari ekki allt á hausinn eins og viðsemjendur okkar grenja framan í þjóðina?

Foreldrar, ef ekkert verður að gert í launamálum kennara þá vil ég bara vara ykkur við ástandi í skólum á næsta vetri.

*Höfundur er kennari í Snælandsskóla.*

# Há fjárhæð eða lág?

**UMRÆÐAN**
Þróunarsamstarf við Afríkuríki

Hlutfall fátækra hefur staðið nokkurn veginn í stað í Afríku síðasta aldarfjórðunginn. Tæpur helmingur íbúa álfunnar býr enn við örbirgð. Vont stjórnarfar á víða sök á því að hægt þokast. Ekki hefur tekist að uppræta aldalanga kúgun, sem margar Afríkuþjóðir hafa búið við, enda verður það ekki gert eins og hendi sé veifað. Fólk þarf að læra að lifa við frelsi og stjórnarherrar að átta sig á að farsælast sé að losa um fjötrana. Sú hálfa öld, sem liðin er síðan síðan sjálfstæði fékkst, hefur ekki dugað. Víðast hafa heimamenn fyllt skörð gömlu nýlenduherranna og sumir hafa hert tökin. Afleiðingin er skortur á menntun og þekkingu á sviðum, sem snúast um líf og dauða. Efnahagsleg stöðnun er af sömu rót.

SKAFTI JÓNSSON

Þróunarsamvinna í Afríku er jafngömul frelsinu frá nýlenduherrunum. Ástandið í álfunni er órækur vitnisburður um, að margar þróunaráætlanir hafa ekki gengið eftir. Og ekki er um það deilt að sumt hefur mistekist þrátt fyrir góðan ásetning. Almenni lærdómurinn er sá, að algildar töfralausnir eru ekki til. Enda tekur þróunarsamvinna dagsins í dag mið af fleiri þáttum en áður tíðkaðist. Þarfir, sem heimamenn hafa skilgreint sjálfir, eru hafðar að leiðarljósi. Mið er tekið af margslungnu umhverfi og þörfum og siðum heimafólks í hverju verkefni. Um leið er leitast við að setja spilltum stjórnvöldum stólinn fyrir dyrnar.

### Pólitískar tilraunastofur

Ungu lýðræði, sem nú stendur á brauðfótum í mörgum Afríkuríkjum, má líkja við pólitískar tilraunastofur. Viðfangsefnin eru framandi hjá þjóðum, sem vanist hafa ógnarstjórn og einræði. Mikið ríður á, að stjórnvöldum þessara ríkja sé haldið við efnið. Það reyna þróunarstofnanir að gera. Þær reyna líka að halda almenningi við efnið í von um að fólk læri smám saman að þekkja sinn rétt og öðlast trú á hann. Þetta eru tvær hliðar á sama peningi. Sjálfsagður réttur, sem við búum við í okkar heimshluta, kostaði margar kynslóðir kjarkmikilla forfeðra okkar og formæðra blóð, svita og tár. Kúgunin minnkaði í réttu hlutfalli við upplýsingu og menntun á löngum tíma. Sama býst ég við að geti gilt hér í Afríku.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur starfað í Malaví í næstum tvo áratugi. Á þeim tíma hefur starfið tekið stakkaskiptum. Verkefni hafa verið kláruð, til dæmis gerð siglingakorta af Malavívatni og stuðningur við fiskeldiskennslu við landbúnaðarháskóla Malaví, sem nú státar af einni bestu fiskeldisdeild í sunnanverðri Afríku. Þangað sækja verðandi fiskeldisfræðingar úr allri álfunni. Nú byggist starfið í megindráttum á stuðningi við fimm verkefni, sem eru á ábyrgð heimamanna í 110 þúsund manna héraði við Monkey Bay. Þau eru heilsugæsla, fullorðinsfræðsla, bygging og endurnýjun skóla, vatnshreinlætisverkefni og fiskiverkefni, sem lýtur meðal annars að þróun veiðarfæra. Menntun og upplýsing eru megininntak allra verkefnanna. Óháðir matsmenn yfirfara starfið reglulega og hefur það fengið góðar einkunnir.

Vinnan fer ekki fram í tómarúmi. Hún væri að mestu unnin fyrir gýg ef allt færi úr böndum í malavísku samfélagi, sem ekki er hægt að útiloka. Hér eru blikur á lofti í stjórnmálalífinu. Og blikurnar væru skuggalegri ef ekki ætti sér stað reglubundið samstarf malavískra stjórnvalda við alþjóðastofnanir og samstarfssríki. Þar á sér stað óformlegur stjórnarfarsskóli, sem stjórn og stjórnarandstaða í landinu sækja dag hvern. Þannig fer aðhaldið fram í efstu þrepunum.

### Hvað er verðugra?

Milljörðum dollara er varið í þróunarstarf í Afríku á ári hverju. Vitaskuld þarf sífellt að hugsa um hvort peningunum sé vel varið. Það er auðvitað gert. Tölur þarf líka að skoða í samhengi. Hvað er há tala og hvað er lág tala? Þessi tala er lág miðað við tæpra 40 ára fyrirheit iðnríkja um heimsins um að verja 0,7 prósent þjóðarframleiðslu sinnar í þróunarsamstarf. Ef auðugar þjóðir hefðu staðið við fyrirheitin væri upphæðin sem rennur nú til þróunarmála margföld. Líklega hefðu framlög undanfarinna þriggja áratuga verið fimmföld í peningum talið. Hver væri staðan þá? Ég kann ekki svarið. Eina sem ég veit er, að staðan væri önnur.

Loks er það stóra spurningin: þekkjum við verðugra verkefni en að leita leiða til að uppræta fátækt og hennar fylgifiska – menntunarskort, offjölgun, sjúkdóma, vonleysi, hindurvitni og spillingu? Það er nefnilega verkefnið, að leita leiða. Þær finnast ein af annarri.

*Höfundur er umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví.*

Sandra Hauksdóttir nýtur þess að sitja við borðstofuborð langafa síns í góðra vina hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Húsgögnin hans langafa í langmestu uppáhaldi

***Sandra Hauksdóttir heldur mikið upp á gömul borðstofuhúsgögn sem langafi hennar flutti inn og notaði til æviloka.***

Sandra hefur nýhafið störf sem fyrirtækjasérfræðingur hjá Landsbankanum eftir að hafa starfað sem flugfreyja hjá Icelandair síðustu ár. Það er tiltölulega stutt síðan hún festi kaup á sinni fyrstu íbúð og nýtur hún þess að vera heima hjá sér.

„Íbúðin er mjög hlýleg og frá fyrstu tíð hefur mér þótt afar góður andi í henni. Þegar ég keypti hana var hún nýuppgerð þannig að allar innréttingar eru nýjar fyrir utan gamla retró-fataskápa með rennihurðum. Þar sem þetta er mín fyrsta íbúð þá keypti ég mikið nýtt inn í hana og langaði því að hafa eitthvað gamalt með,“ segir Sandra sem þykir mjög vænt um borðstofuhúsgögn sem henni áskotnuðust frá foreldrunum.

„Borðstofusettið kemur frá langafa mínum sem hét Páll Kristjánsson og var húsasmiður en afi fetaði síðar í fótspor hans og gerðist líka húsasmiður,“ útskýrir Sandra og bætir við: „Borðið er stækkanlegt og það er mjög gaman að halda matarboð og sitja í kringum það. Mér þykir ánægjulegt að hafa svona gömul húsgögn því það gefur sál og persónulegan blæ á heimilið og er ég mjög stolt af þeim,“ segir Sandra sem þykir fallegt að blanda saman gömlu og nýju.

„Mér finnst nauðsynlegt að einhverjir hlutir eigi sér forsögu og sál í stað þess að Ikea sé tekið á alla línuna,“ segir Sandra kímin og hefur hún gaman af því þegar fólk spyr um gömlu hlutina. „Stólarnir eru skemmtilega útskornir og með þessu er skenkur sem ég vonast eftir að fá seinna meir. Það væri gaman ef þetta endar allt á sama stað,“ segir Sandra vongóð. En hvernig myndi hún lýsa heimilinu?

„Ég hélt mig að mestu við viðinn sem er í húsgögnunum og lét annað á heimilinu tóna við hann. Ég myndi lýsa heimilinu sem hlýlegu og mildir litir eru áberandi. Ég hef afskaplega gaman af því að dytta að heimilinu þar sem ég er að gera þetta allt í fyrsta skipti og nýt ég þess að vera heima og fá gesti,“ segir Sandra sem líður vel í íbúðinni og er í skýjunum yfir fyrstu kaupunum.

*hrefna@frettabladid.is*


Aukin ökuréttind - Meirapróf

**Nýlegir kennslubílar**

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

**Næsta námskeið hefst 14. nóvember**

**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300**

PIPAR • SÍA • 72022

*Sex nýir fundar- og ráðstefnusalir, hver með sinn persónuleika.*

Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
Hönnun, veislur, þrif, barnagæsla, þjónusta, iðnaðarmenn, afleysingar o.fl. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólkið í verkið. Uppl. www.hendur.is

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, bilstjorar o.fl. S.8457158

2-4-6-8 manna vinnuhópar til lausna á tímabundnum álagstoppum eða á áríðandi verkefni - tímavinna eða föst verðtilboð. Klettur Verktakar ehf - svarist á - klettur@kletturverktakar.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Félagsfundur ferðaklúbbsins 4x4**
**Félagsfundur Ferðaklúbbsins verður mánudaginn 12. nóv. '07 í sal Fí Mörkinni 6 kl. 20.00.**

**Dagskrá**

**1) Innanfélagsmál**

**2) Ljósmyndun á fjöllum - Thorsten Henn ljósmyndari**

**3) Kaffihlé**

**4) Árshátíðarupprifjun... F4x4**

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

**KOMATSU**
Notaðar vélar til sölu

**Komastu PC16R-2**
Árgerð 2006, vinnustundir 349
Verð 74.480 €

**Komatsu PC95-2**
Árgerð 2005, vinnustundir 970
Verð 66.380 €

**Komatsu PC210-7**
Árgerð 2005, vinnustundir 2.026
Verð 102.200 €

**Komatsu PC290-7**
Árgerð 2006, vinnustundir 1.412
Verð 155.400 €

**Komatsu PC340-7**
Árgerð 2002, vinnustundir 6.896
Verð 89.980 €

**Komatsu PW130-6**
Árgerð 2003, vinnustundir 4.530
Verð 56.380 €

**Komatsu PW130-7**
Árgerð 2006, vinnustundir 1.945
Verð 118.800 €

**KRAFTVÉLAR**
Lækjarmel 1-2 /// 116 Reykjavík
Sími 535 3500 /// www.kraftvelar.is
argus 07-0892

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 SIRKUS STÖÐ 2 SIRKUS+

Coca-Cola light.

# VINSÆLASTI DRAMAÞÁTTUR Í HEIMI

## GREY'S ANATOMY- MIÐVIKUDAGA KL. 20:50

30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is

Stöð 2 skemmtilegri

# Sjálfstæðisflokkurinn settur til hliðar í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
Nýr meirihluti í borginni

Sjálfstæðisflokkurinn hefur enn á ný verið settur til hliðar við stjórn Reykjavíkurborgar. Flokkurinn missti völdin að þessu sinni fyrir klaufaskap. Það voru málefni Orkuveitunnar og REI, útrásarfyrirtækis Orkuveitunnar, sem felldu Sjálfstæðisflokkinn nú. Í rauninni átti Sjálfstæðisflokkurinn alls ekki að komast til valda eftir síðustu borgarstjórnarkosningar. Flokknum tókst ekki að ná því markmiði sínu að fá meirihluta borgarfulltrúa. Flokkurinn fékk aðeins 7 fulltrúa þrátt fyrir harða hríð að Samfylkingunni og þeim flokkum, er áður höfðu myndað R-listann. Andstöðuflokkar Sjálfstæðisflokksins hefðu því getað myndað meirihluta strax eftiir síðustu borgarstjórnarkosningar. En þá gerðist það, að sá flokkur sem fékk minnst fylgi í kosningunum, Framsókn, gekk skyndilega til liðs við Sjálfstæðisflokkinn og myndaði með flokknum meirihluta í borgarstjórn. Meirihlutinn var eingöngu myndaður um völd og áhrif en enginn málefnasamningur gerður þegar samstarfið var ákveðið.

Til þess að fá Framsókn til samstarfs bauð Sjálfstæðisflokkurinn henni formennsku í borgarráði. Stjórnarsamstarfið með Sjálfstæðisflokknum mun áreiðanlega hafa haft áhrif á Framsóknarflokkinn í borgarstjórn. Framsóknarmenn voru farnir að líta á það sem náttúrulögmál að þeir ynnu með Sjálfstæðisflokknum. Og það var ekkert fararsnið á þeim úr ríkisstjórn. Þeir ætluðu að sitja þar eins lengi og þeir gætu þótt fylgið hryndi af þeim. En að lokum var það Sjálfstæðisflokkurinn sem ýtti þeim þar út. Sá flokkur taldi Framsókn ekki lengur stjórntæka í landsmálunum. Það voru mikil mistök hjá Framsókn að mynda meirihluta með Sjálfstæðisflokknum eftir síðustu borgarstjórnarkosningar. Nú hefur Framsókn leiðrétt þessi mistök, slitið samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn og myndað meirihluta með Samfylkingunni og öðrum flokkum, sem áður voru í minnihluta. Því ber að fagna.

Ég er mjög ánægður með það, að Framsóknarflokkurinn í borgarstjórn skuli á ný hafa tekið upp samvinnu við vinstri flokkana þar. Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknar, sýndi mikið hugrekki með því að stíga þetta skref.

### Mesta áfallið 1978

Sjálfstæðisflokkurinn missti fyrst meirihluta sinn í borgarstjórn 1978 eftir að hafa verið við völd í Reykjavík í hálfa öld. Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Framsókn mynduðu þá meirihluta í borgarstjórn. Ósigur Sjálfstæðisflokksins 1978 var mikið áfall fyrir flokkinn. Úrslitin komu Sjálfstæðisflokknum alveg á óvart. Alþýðuflokkurinn fékk 2 borgarfulltrúa, Framsókn 1 en Alþýðubandalagið 5 fulltrúa og vann stórsigur. Sjálfstæðisflokkurinn var mikið hræddari um að missa meirihlutann 1970 en 1978.

Það var ekkert vandamál fyrir „vinstri“ flokkana að mynda meirihluta eftir kosningaúrslitin 1978. Flokkarnir höfðu starfað náið saman í borgarstjórn í mörg ár, höfðu flutt sameiginlegar ályktunartillögur og breytingatillögur við fjárhagsáætlun. Sameiginleg málefnaskrá flokkanna var því tilbúin löngu áður en flokkarnir náðu meirihluta. Þeir höfðu einnig orðið ásáttir um það áður en Sjálfstæðisflokkurinn féll, að ráða ópólitískan borgarstjóra, embættismann, ef þeir næðu meirihluta í borginni.

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

### Til valda á ný á fölskum forsendum

Sjálfstæðisflokkurinn náði meirihluta í borginni á ný 1982, einkum á einu máli, svonefndu sprungumáli. En í kosningabaráttunni rak Davíð Oddsson harðan áróður gegn því að byggt yrði á „sprungusvæði“ við Rauðavatn en meirihlutinn vildi byggja þar. Sagði Davíð, að ekki væri unnt að byggja þarna út af sprungum! Það kom því vel á vonda, þegar Morgunblaðið fékk lóð á þessu svæði og byggði stórhýsi undir aðalstöðvar sínar á þessu svæði. Ekki hefur Morgunblaðið eða Sjálfstæðisflokkurinn kvartað yfir sprungum þarna síðan enda var þetta einungis kosningaáróður, sem átti ekki við nein rök að styðjast. Það má því segja, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi komist til valda á ný í Reykjavík 1982 á fölskum forsendum.

Sjálfstæðisflokkurinn missti meirihlutann á ný 1994, þegar Reykjavíkurlistinn undir forustu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur felldi Sjálfstæðisflokkinn og náði meirihluta í borgarstjórn. Var það á ný mikið áfall fyrir Sjálfstæðisflokkinn, þar eð flokkurinn hélt að eftir valdatíma Davíðs væri borgin óvinnandi vígi Sjálfstæðisflokksins.

### Tóku sína eigin gröf

Hvað felldi Sjálfstæðisflokkinn nú? Það var sundrung í eigin röðum. Upp kom alvarlegur ágreiningur meðal borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Orkuveitu Reykjavíkur og útrásarfyrirtæki þess REI. Enda þótt Guðlaugur Þór, fyrrum borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og nú ráðherra, hafi flutt tillöguna í stjórn Orkuveitunnar um stofnun REI og enginn ágreiningur verið um það mál þá í röðum sjálfstæðismanna snérust nokkrir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gegn málinu og ætluðu að nota það gegn borgarstjóra. Hér virðist hafa verið um hreina valdabaráttu innan Sjálfstæðisflokksins að ræða. Þeir ætluðu að koma Vilhjálmi borgarstjóra frá. Þeim lá svo á að komast til valda. Þeir gátu ekki beðið til næstu kosninga. En þeir skutu sjálfa sig í fótinn. Þeir tóku sína eigin gröf.

Mér líst mjög vel á hinn nýja borgarstjóra, Dag B. Eggertsson, leiðtoga Samfylkingarinnar. Hann er einlægur jafnaðarmaður sem vill bæta aðstöðu fjölskyldufólks og aldraða í Reykjavík. Samfylkingin er kjölfestan í nýjum meirihluta félagshyggjufólks í borgarstjórn Reykjavíkur.

*Höfundur er fyrrverandi borgarfulltrúi.*

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar.

**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON RITHÖFUNDUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1974, 85 ÁRA AÐ ALDRI.**

*„Sá sem veitir mannkyninu fegurð er mikill velgerðarmaður þess. Sá sem veitir því speki er meiri velgerðarmaður þess. En sá sem veitir því hlátur er mestur velgerðarmaður þess.“*

***Þórbergur Þórðarson var einn mesti ritsnillingur sem Ísland hefur átt. Meðal þekktustu bóka hans eru Bréf til Láru, Íslenskur aðall, Ofvitinn og ævisaga Árna Þórarinssonar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. NÓVEMBER 1905

## *Kirkja vígð að Grund í Eyjafirði*

Þennan dag árið 1905 var vígð ný kirkja að Grund í Eyjafirði. Hún er bændakirkja sem Magnús Sigurðsson (1846-1925) lét byggja algerlega á eigin kostnað og er sú langstærsta sem einstaklingur hefur reist.

Hún tekur 350 manns í sæti og hugmynd Magnúsar var að hún yrði kirkja fyrir allan Eyjafjörð innan Akureyrar. Hönnuður og yfirsmiður var Ásmundur Bjarnason frá Geitagerði í Fljótsdal en hann hafði numið trésmíði í Kaupmannahöfn. Endanlegar teikningar gerði hann eftir tillögum Magnúsar og Sigtryggs Jónassonar trésmíðameistara á Akureyri. Glerið í gluggana skar Magnús sjálfur.

Kirkjan á Grund snýr í norður-suður í stað austur-vestur eins og vaninn er samkvæmt fornri hefð. Altari og prédikunarstól smíðuðu Ásmundur og Pálmi Jósefsson og er hvort tveggja listasmíð. Norskur listamaður, Muller að nafni, sá um málun og skreyti og eru upphaflegir litir enn varðveittir.

Nokkrir merkir gripir sem áður voru í kirkjunni eru varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands svo sem kaleikur frá 15. öld og tveir stólar frá tímum Þórunnar, dóttur Jóns Arasonar biskups.

Grund hefur verið kirkjustaður frá kaþólskum sið og fyrst er getið um kirkju þar í lok 12. aldar. Hún var helguð heilögum Lárentíusi. Staðurinn heyrði til Grundarþinga, sem og Möðruvellir að fornu.

## MERKISATBURÐIR

- **1905** Fríkirkjan í Reykjavík vígð eftir stækkun.
- **1918** Austurríki verður lýðveldi.
- **1946** Fyrsti bílalúgubankinn er tekinn í notkun í Bandaríkjunum.
- **1967** Síðustu íbúarnir flytja úr Flatey á Skjálfanda.
- **1982** Júrí Andropov tekur við af Leoníd Brésnev sem aðalritari sovéska Kommúnistaflokksins.
- **1990** Akihito tekur við keisaratign í Japan.
- **1997** Ramzi Yousef er fundinn sekur um að hafa skipulagt sprengjuárás á Tvíburaturnana í New York árið 1993.
- **1999** Mikill jarðskjálfti verður í Tyrklandi og farast þar meira en 800 manns.

## AFMÆLI

**Sigurður Bjarnason** ferðabóndi á Hofsnesi í Öræfum er 75 ára.

**Samúel Örn Erlingsson** íþróttafréttamaður er 48 ára.

**Sigurlaug Margrét Jónasdóttir** dagskrárgerðarmaður er 44 ára.

**Arnar Gauti Sverrisson** verslunarmaður er 36 ára.

**Emilía Óskarsdóttir** söngkona er 23 ára.

**HÚSAVÍK** Er nú hluti af Norðurþingi ásamt þéttbýli í næsta nágrenni.

# Milljón heimsóknir á vef Norðurþings

Vefsíða Norðurþings, www.nordurthing.is, sem er frétta- og upplýsingaveita fyrir íbúa Norðurþings, hafði nú í lok október fengið milljón heimsóknir, en henni var hleypt af stokkunum í júní 2006.

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Heimsóknum á síðuna hefur fjölgað mikið á þessu rúma ári sem hún hefur verið starfrækt og því til stuðnings má nefna að fjöldi gesta var að meðaltali 1.200 á mánuði þegar síðan var þriggja mánaða en það sem af er árinu 2007 hefur meðalfjöldi heimsókna verið tæplega 3.000.

**RITSTJÓRI EIÐFAXA** Trausti Þór Guðmundsson segir tímaritið virt meðal áhugafólks um íslenska hestinn víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**HESTATÍMARITIÐ EIÐFAXI:** FAGNAR ÞRJÁTÍU ÁRUM MEÐ VEGLEGU AFMÆLISRITI

# Hefur vaxið og dafnað með árunum

Tímaritið Eiðfaxi fagnar 30 ára afmæli á árinu en það kom fyrst út í maí árið 1977. „Af því tilefni var meðal annars gefið út veglegt afmælisrit í byrjun nóvember þar sem litið er um öxl og rýnt í gömul mál,“ segir Trausti Þór Guðmundsson sem tók við ritstjórn blaðsins fyrir tæpu ári. „Föstudaginn 16. nóvember næstkomandi verður síðan uppákoma í Vetrargarðinum í Smáralind þar sem Reykvíkingum verður boðið upp á sýnikennslu um íslenska hestinn og reiðmennskuna. Þá fer einnig fram hægatöltskeppni þar sem hægt verður að fylgjast með hestunum kasta toppi á hægu tölti í glænýju samhengi, segir ritstjórinn.“

Trausti segir að tímaritið hafi verið stofnað af nokkrum eldhugum í hestamennsku sem fannst vanta meira fagefni um hestamennsku. „Á þeim tíma sem tímaritið var stofnað var blaðið Hesturinn okkar gefið út og í því voru viðtöl við hestamenn ásamt ferðasögum svo eitthvað sé nefnt. Stofnendum Eiðfaxa, þeim Gísla B. Björnssyni, Pétri Behrens og Sigurjóni Valdimarssyni, fannst þó vanta rit sem væri meira leiðbeinandi um hesta og hestamennsku,“ segir Trausti.

Hann segir blaðið í fyrstu hafa verið heimatilbúið og að mestu límt saman heima í stofu. „Það hefur síðan vaxið og dafnað með árunum og er í dag mjög virt fagtímarit um Íslandshestamennsku bæði hérlendis og erlendis,“ segir Trausti en blaðið er gefið út á íslensku, ensku og þýsku.

„Tíu blöð koma út hér á landi á ári hverju og auk þess eitt blað um stóðhesta. Síðan veljum við efni sem við teljum að henti fyrir erlenda markaðinn, þýðum og gefum út sex blöð á ensku og sex á þýsku,“ segir Trausti. Hann segir blaðið sent til áskrifenda og að það sé lesið af áhugamönnum um Íslandshesta víða um heim. Hér heima er blaðið einnig í áskrift en er auk þess selt í hestavöruverslunum og á N1 bensínstöðvum.

Fyrir nokkrum árum var vefurinn eidfaxi.is stofnaður og eftir það hefur innihald tímaritsins breyst töluvert, að sögn Trausta. „Vefurinn tekur þetta daglega fréttaamstur, niðurstöður móta og þess háttar og á meðan getum við einbeitt okkur meira að hugðarefnum okkar eins og hestinum og hestamennskunni.

Á vefnum, sem er í mikilli þróun, höfum við reynt að skapa samfélag hestamanna og þar er til dæmis öflugur stóðhestavefur og blogg. Við höfum líka verið að efla blaðið og búið okkur til ákveðna efnisflokka. Má þar nefna lífsstílsflokkinn þar sem rætt er við fólk í hestamennsku og skyggnst inn í þann lífsstíl sem fylgir.“ Trausti segir að helstu sóknarfærin séu á erlendum markaði. „Áhuginn á íslenska hestinum er mikill ytra og eru ýmis spennandi útrásarverkefni á teikniborðinu.“

vera@frettabladid.is

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Hannesson Stephensen**

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Vilborg G. Stephensen**
**Guðrún Stephensen** — **Sigurbjörn Þór Bjarnason**
**Hannes Stephensen** — **Anika Stephensen**
**Magnús Stephensen** — **Sigrún Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**STYRKÞEGARNIR** Við afhendingu starfsstyrkjanna. Fjörutíu og fjórir sóttu um en tuttugu og einn hlaut styrk. Styrkirnir námu samtals sex milljónum og sjö hundruð þúsund krónum.

# Hagþenkir styrkir ritstörf

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og námsgagna, veitir árlega starfsstyrki til ritstarfa.

Nýlega var úthlutað styrkjum fyrir árið 2007, samtals að upphæð sex milljónir og sjö hundruð þúsund krónur. Sótt var um styrki til 44 verkefna en úthlutað til 21 verkefnis og nam upphæðin sem sótt var um tæpum 20 milljónum kr. Fjórir starfsstyrkir voru að upphæð 500 þúsund, fimm voru 400 þúsund, fjórir námu 300 þúsundum, sjö námu 200 þúsundum og einn 100 þúsund krónum.

Í úthlutunarnefndinni eru Erlingur Hauksson sjávarlífffræðingur, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og Kristín Unnsteinsdóttir, uppeldis- og kennslufræðingur.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ullarsokkar; öðrum sokkum æðri

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FAGNAR** KÖLDU VEÐRI

Í dag langar mig aðeins að fjalla um ullarsokka. Það hefur vart farið framhjá nokkrum Íslendingi að það er kominn nóvember og því er farið að vera ansi kalt. Meira að segja er stundum svo kalt að á morgnana eru allir pollar frosnir, eða í það minnsta fullir af krapi. Árstíð ullarsokkanna er sem sagt gengin í garð og væntanlega fáir sem fagna því jafn innilega og ég.

Ekki aðeins þykir mér þægilegt að ganga í ullarsokkum heldur þykir mér einnig gaman að búa þá til. Sökum smæðar sinnar og meðfærileika er sokkur einstaklega hentugt prjónaverkefni. Sokkur í vinnslu getur fylgt skapara sínum hvert á land sem er og er því afar fljótunninn, enda tilvalið að bæta við hann einni umferð hér og þar, til dæmis þar sem maður bíður eftir afgreiðslu í banka eða eftir því að komast í tannlæknastólinn. Sokkaprjón er mun uppbyggilegri leið til að stytta sér stundir við bið en að blaða í skítugu biðstofutímariti, það er alveg bókað.

Ekki síður er skemmtilegt hvað það eru til margar aðferðir við að prjóna sokka. Ég kýs ávallt, ef ég mögulega fæ því við komið, að byrja á tánni og prjóna upp fótinn. Þessi aðferð hefur marga kosti, ekki síst þann að koma í veg fyrir það að garnið klárist áður en maður er kominn að tánni eða að maður klári ekki garnið og sitji uppi með lítinn afgangshnykil sem maður tímir ekki að henda en notar aldrei í nokkurn skapaðan hlut. Sokkar sem eru prjónaðir frá tánni og upp verða einfaldlega eins háir og garnmagnið leyfir. Til er fólk sem kýs að byrja á sokkastroffinu og prjóna sig niður; það um það segi ég nú bara.

Að því undanskildu hvað það er frábært að prjóna sokka eru þeir náttúrulega hið mesta þarfaþing. Þeir hafa bjargað ótöldum kynslóðum frá fótkulda og hælsærum, svo ekki sé minnst á náttúrulega hæfni litríkra sokka til að gleðja augað. Ullarsokkar eru í alla staði framúrskarandi plögg og ég kýs að taka þeim fagnandi í stað þess að eyða tíma og orku í að kvarta yfir vetrarkulda.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Mjási og Lalli

Valentínusardagur

### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**VATN AÐ VETRARLAGI** Eitt af verkum Sigtryggs á sýningunni í Turpentine.

# Landsins vetrarvötn

Á sýningunni Vetrarvötn Sunnanheiða í Gallery Turpentine sýnir myndlistarmaðurinn Sigtryggur Bjarni Baldvinsson á annan tug nýrra olíumálverka. Verkin eru unnin út frá ljósmyndum sem listamaðurinn tók á björtum en köldum febrúardögum á þessu ári, af straumvötnum á Suður- og Suðvesturlandi.

Á sýningunni má sjá afrakstur-inn af áframhaldandi leit Sigtryggs að kerfi í hrynjandi náttúrunnar. Vatn er fjölbreytilegt í birtingarmyndum sínum og hefur það fært listamanninn í vinnu sinni nær hefðbundnum landslagsmálverkum. Fljótin og lækirnir sem hann heimsótti og ljósmyndaði persónugerðust og tóku hvert á sig sína mynd í listsköpuninni. Vart þarf að taka það fram að breytileg íslensk veðurskilyrði, birta og vatnsmagn höfðu líka sitt að segja um útkomuna á verkum Sigtryggs.

Verkin á sýningunni eru að mörgu leyti innblásin af jafn ólíkum listamönnum og Þorvaldi Skúlasyni, Jackson Pollock og Roni Horn. Afrakstur vinnu Sigtryggs með vetrarvötn, ljósmyndir og innblástur má sjá í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5.

- vþ

**LJÓSMYND EFTIR KARL LILLIENDAHL**

# Ítalskur einn í Fótógrafí

**Nú í nóvember stendur yfir ljósmyndasýning Karls R. Lilliendahl í Fótógrafí ljósmyndagalleríi við Skólavörðustíg 4a í Reykjavík.**

**Myndirnar eru teknar víða á Ítalíu þar sem Karl dvaldi síðastliðinn vetur. Yfirskrift sýningarinnar er Uno sem er ítalska orðið fyrir einn og er það tilvísun í sýn ljósmyndarans á einstaklinginn í borgarsamfélaginu.**

**Hver ljósmynd á sýningunni segir sögu einnar manneskju. Sýningin stendur til 1. desember.**

- vþ

# Óperuperlur á bandi

Helstu smellir óperubókmenntanna eru fleirum kunnir en hörðustu aðdáendum hins stranga og fjölbreytta forms. Vinsæl lög úr óperum koma víða við sögu, í allt frá bílaauglýsingum til túrtappaáróðurs. Vinir óperunnar eiga flestir sín uppáhalds sönglög og kunnir söngvarar gera út á poppelementið í óperubókmenntunum með völdum lögum úr efnisskrá sinni. Nú hefur nýr óperustjóri ráðist í að setja saman kvöldtónleika þar sem nokkrir ástsælir söngvarar okkar koma fram og flytja einsöngslög úr óperubókmenntunum. Óperuperlurnar verða frumsýndar í Íslensku óperunni hinn 17. nóvember og endurfluttar 23. og 24. nóvember. Hér er um að ræða kvöldstund í Óperunni með nokkrum af okkar fremstu óperusöngvurum, þeim Sigrúnu Hjálmtýsdóttur sópran sem snýr nú aftur á svið Óperunnar eftir langt hlé, Sigríði Aðalsteinsdóttur mezzósópran, Ágústi Ólafssyni barítón og Bjarna Thor Kristinssyni bassa. Kurt Kopecky, tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, leikur undir á flygilinn í nokkrum vel völdum og þekktum óperuaríum, en flutt verða atriði úr óperum eftir Mozart, Verdi, Bizet, Bellini, Delibes, Donnizetti, Gounod, Puccini, Rossini, Tsjaíkovskí og Wagner auk söngleikja- og óperettuatriða eftir Gershwin, Bernstein og Lehár.

Allt er þetta fært í leikrænan búning með fulltingi Stefáns Baldurssonar óperustjóra, en útlit annast Þórunn S. Þorgrímsdóttir og um lýsingu sér Björn Bergsteinn Guðmundsson. Miðasala er hafin og má búast við að eftirspurn verði mikil og því rétt að tryggja sér miða sem fyrst.

- pbb

**TÓNLIST** Brugðið á leik í eldhúsinu en þessi hópur syngur á þremur einsöngskvöldum í Óperunni á næstu vikum.


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið

ÍSLENSKA SIA.IS/ FLU 37733 05/07

Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

# Ekki bara ljóska að gaula

**Védís Hervör Árnadóttir hefur nú lagt lokahönd á sína aðra sólóplötu sem ber heitið A Beautiful Life - Recovery Project. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Védís áralanga reynslu af söng og lagasmíði.**

**VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR** Védís Hervör hefur gefið út aðra sólóplötu sína, A Beautiful Life - Recovery Project. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Platan er þegar fáanleg á netsíðunni tonlist.is en kemur í verslanir á morgun. „Hún hefur þó fengist í Iðu síðan á föstudaginn en þar hóf ég kynningu á plötunni, flutti lag og áritaði eintök," segir Védís Hervör sem nýverið gaf út sína aðra sólóplötu. Á sama tíma áritaði móðir Védísar, Bryndís Guðmundsdóttir, nýútgefna barnabók sína, svo búast má við léttri samkeppni mægðnanna í jólasölunni.

Útgáfutónleikar verða haldnir í Austurbæ hinn 28. nóvember. „Þetta verður mikil tónlistarveisla, ég fæ meðal annars aðstoð barnakórs og fyrrverandi kórsystra minna," segir Védís og bætir við að í byrjun desember verði aðrir útgáfutónleikar í London til að fagna útgáfu plötunnar á iTunes vefsvæðinu. „AWAL (Artists Without a Label) leituðu eftir samstarfi við mig eftir að hafa heyrt í mér á Airwaves. Ég er mjög ánægð með það samstarf því nýjasta kynslóð tónlistarunnenda sækir frekar tónlist á netið en að kaupa plötu út úr búð."

A Beautiful Life - Recovery Project er sannarlega barn Védísar Hervarar en við gerð plötunnar stofnaði hún sitt eigið útgáfufyrirtæki sem hún kallar Nymph. Védís semur öll lög og texta á plötunni, og nýtir einnig menntun sína í hljóðblöndun og útsetningu frá Point Blank-skólanum í London. Platan er því einstaklega vel unnin og einlæg. „Að gera þetta allt saman sjálf er ómetanlegt og meiri heilindi í því. Ég vil ekki bara vera ljóska að gaula, með því að vinna plötuna sjálf fæ ég mun meira út úr þessu," segir Védís.

Védís Hervör hefur einnig samið lög og texta fyrir aðra söngvara. Af íslenskum söngkonum má nefna Regínu Ósk, Selmu og Hönsu, en meðal þeirra erlendu er nýtt stúlknaband sem varð til upp úr bresku X-factor keppninnar. „Ég sem þó aldrei eftir fyrirfram mótuðum hugmyndum annarra, heldur frá eigin brjósti og söngvarinn afþakkar þá bara ef honum líkar ekki lagið," segir Védís Hervör, sem segist ekki hallast fremur að flutningi eða lagasmíði. „Ég hef mikla þörf fyrir að syngja en ef röddin brygðist gæti ég ennþá samið. Þetta er bakland til að treysta á."

Nóg er framundan hjá Védísi við að kynna plötuna, auk þess sem hún hóf nám í mannfræði við Háskóla Íslands í haust. Á vefsíðu hennar Vedismusic.com eru reglulega nýjar upplýsingar um hvað er næst á döfinni hjá þessari framtakssömu tónlistarkonu.

eygloa@frettabladid.is

# Chelsy vildi tíma fyrir sjálfa sig

Harry prins og kærasta hans til þriggja ára, Chelsy, eru hætt saman. Þetta fullyrti breska blaðið News of the World í gær. Samkvæmt heimildarmanni blaðsins var Chelsy orðin langþreytt á glaumgosalíferni prinsins og ást hans á Bakkusi sem Harry á ákaflega erfitt með að segja nei við á góðri stundu. News of the World greindi frá því að Harry hefði drekkt sorgum sínum á bar í fylgd barmmikillar dökkhærðrar snótar á föstudagskvöld eftir að ljóst var að sambandinu væri lokið. Að sögn heimildarmanna hafði Chelsy horft fram hjá daðri Harrys og tíðum ferðum á súlustaði en þegar hann fór á stefnumót með Jonny Wilkinson var henni endanlega nóg boðið, tók upp símann og sleit sambandinu.

Breskir fjölmiðlar greindu frá því að Harry hefði misst af 22 ára afmæli Chelsy í síðasta mánuði þegar hann kaus frekar að öskra á landa sína í úrslitaleik heimsmeistaramótsins í ruðningi sem fram fór í París. Hann mætti jafnframt 45 mínútum of seint út á flugvöll til að sækja Chelsy og heimildarmenn News of the World segja Chelsy hafa orðið óhamingjusamari og óhamingjusamari í sambandinu með hverri vikunni sem leið.

**SORG Í BUCKINGHAM** Margir töldu að Harry og Chelsy myndu jafnvel gifta sig áður en ríkiserfinginn Vilhjálmur gengi inn kirkjugólfið með sinni heittelskuðu Kate. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**ÓSÁTT** Chelsy var orðin þreytt á sífelldu kvennafari prinsins og sagði honum upp í gegnum síma.

Mail on Sunday gerir hins vegar minna úr sambandsslitunum og segir þau einfaldlega komin til af því að Chelsy vilji fá smá tíma fyrir sjálfa sig. Og þetta sé því einungis smá pása. Blaðið veltir því þó fyrir sér hvort Elísabet drottning hafi ekki áhyggjur af því að barnabörnin Harry og Vilhjálmur, séu farnir að taka upp slæma ávana foreldra sinna og skylduliðs en ástarlífið í Buckingham á undanförnum árum hefur þótt minna meira á svæsna suður-ameríska sápuóperu heldur en hegðun hefðarfólks. Mail on Sunday heldur því fram að Chelsy muni áfram stunda nám sitt í Leeds og Harry ætli að fikra sig upp metorðastigann innan breska hersins en News of the World er ekki alveg jafn bjartsýnt og segir líklegt að Chelsy muni snúa aftur heim til Simbabve enda þoli hún ekki veðrið, hún eigi fáa vini og hefur nú glatað hjarta prinsins.

-fgg

**NÝTUR LÍFSINS Í BERLÍN** Tómas Lemarquis segir sér líka mjög vel að búa í Berlín. Hann hefur nóg að gera sem leikari, undirbýr myndlistarsýningu og vinnur að heimildarmynd um myndlistarmanninn Ketil Larsen. MYND/PIOTR WOLF

# Lék aðalhlutverk í þýskri bíómynd

**Leikarinn Tómas Lemarquis er búsettur í Berlín um þessar mundir en hann lauk nýverið við að leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Luftbusiness í leikstjórn svissneska leikstjórans Dominique de Rivaz.**

„Myndin var tekin upp í Lúxemborg og fjallar um þrjá stráka sem búa nánast á götunni og lifa á smádjobbum eins og að labba með hunda fyrir ríka fólkið," segir Tómas en reiknað er með að myndin komi fyrir augu áhorfenda næsta vor. „Svo frétta þeir af því að á netinu geti þeir selt sig til þess að græða peninga." Myndin er á þýsku og Tómas eyddi níu mánuðum í að undirbúa sig fyrir hlutverkið með því að læra þýskuna. „Ég var allt síðasta ár í Berlín og er kominn hingað aftur núna. Ég kunni ekki orð í þýsku áður en tala málið ágætlega núna þótt ég sé ennþá með hreim. Mér líkar mjög vel hérna og bý í stórkostlegri íbúð með frönskum vini mínum sem starfar sem ljósmyndari."

Tómas situr ekki auðum höndum þótt tökum á myndinni sé lokið því hann er að vinna að heimildarmynd um myndlistarmanninn Ketil Larsen, undirbýr sig fyrir hlutverk í spænskri mynd og er að fara að halda myndlistarsýningu í Berlín. „Myndin um Ketil er ekki alveg tilbúin. Okkur vantar fjármagn en erum á lokasprettinum. Ólöf Arnalds er að vinna að tónlistinni og myndin gæti verið tilbúin strax í desember ef fjáröflunin gengur vel. Annars er ég að undirbúa myndlistarsýningu í ungu galleríi hér í Berlín og fer auk þess í ræktina á hverjum degi til þess að undirbúa mig fyrir hlutverk í spænskri mynd sem verður tekin upp næsta sumar. Þar þarf ég að vera í góðu líkamlegu formi," segir Tómas en myndin fjallar um mann sem hefur ekki líkamlegar tilfinningar og skynjar þar af leiðandi ekki sársauka. „Þar þarf ég að tala spænsku en þarf ekki að læra hana eins vel og þýskuna enda er hlutverkið frekar þögult." Hann segir að auk þessa sé ýmislegt í burðarliðnum, kvikmyndir í bæði Austurríki og Frakklandi, þótt hann vilji sem fæst orð um það hafa. „Maður er bara rólegur á meðan hlutirnir eru á byrjunarstigi enda er kvikmyndagerð besti skóli í þolinmæði sem ég hef fundið hingað til." sigrunosk@frettabladid.is

# Britney úti á þekju

**MÆTIR EKKI** Britney Spears er lítið fyrir að mæta í lyfjapróf.

Lögfræðingur Kevins Federline, fyrrverandi eiginmanns Britney Spears, segir að Britney hafi ekki brugðist við á réttum tíma í átta tilfellum af fjórtán þegar hún átti að gangast undir eiturlyfjapróf. Hún hefur auk þess verið áminnt þrisvar sinnum af dómaranum, Scott Gordon, fyrir að ekki sé hægt að ná í hana í síma.

Lögfræðingur Spears, Anne Kiley, hefur látið hafa eftir sér að eiturlyfjaprófin séu ekki í anda stjórnarskrár Bandaríkjanna og bætti því við að þótt söngkonan hafi ekki tekið prófin þýði það ekki að hún sé að nota eiturlyf. Britney hefur ekki nema klukkustund frá því fyrirskipunin kemur til þess að mæta í prófin. Kiley bætti því auk þess við að tíu sinnum hafi Spears staðist slík próf. Hún sagði ástæðuna fyrir örum skiptum Spears á símanúmerum vera þá að símanúmerið hennar félli oft í rangar hendur og því neyddist hún til að fá sér nýtt númer með reglulegu millibili.

Jafnréttisstofa

JAFNRÉTTISVOGIN

Að gera jafnréttisstarf sveitarfélaga sýnilegt

*Ráðstefna á Hótel Loftleiðum* ***16. nóvember 2007 kl. 13-17***

*Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins Jafnréttisvogin (Tea for two – illustrating equality). Ráðstefnan fer fram á ensku og er öllum opin án endurgjalds.*

13:00 **Ávarp**
Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra

13:10 **The Tea for two project in a nutshell**
Svala Jónsdóttir, Jafnréttisstofu

13:20 **Competing in gender equality – results from the TFT project**
Kjartan Ólafsson, Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri

13:50 **Gender equality in Norway in view of the TFT project**
May Endresen, Sambandi norskra sveitarfélaga

14:10 **Gender equality at local level in Finland in the light of statistical indicators**
Mikola Sinikka, Sambandi finnskra sveitarfélaga
Marjut Pietiläinen, Hagstofu Finnlands

14:30 **Equality issues for women in Greece: Project results**
Katerina Ifou, bæjarstjóri, Farsala, Grikklandi

14:50 **Gender policy in Bulgaria and the impact of the TFT Project**
Lily Abadijeva, ráðuneyti félags- og vinnumála, Búlgaríu

15.10 **Kaffihlé**

15:40 **TFT from a user's perspective**
Katrín Björg Ríkarðsdóttir, deildarstjóri samfélags- og mannréttindadeildar, Akureyrarbæ

16:00 **Pallborðsumræður**
Stjórnandi: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur

17:00 **Léttar veitingar í boði félagsmálaráðuneytisins**

**Fundarstjóri:** Hildur Jónsdóttir, formaður Jafnréttisráðs

**Þátttaka tilkynnist á netfangið jafnretti@jafnretti.is eða í síma 460 6200 eigi síðar en 15. nóvember.**

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og verkefnið er að finna á www.tft.gender.is

## > Ánægður með að fá Söru aftur

Sara Jónsdóttir, Íslandsmeistari frá 2002, var með á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International og stóð sig vel. Sara komst meðal annars alla leið í úrslitaleikinn í tvíliðaleiknum. „Það er gott að fá Söru aftur því hún var búin að draga sig í hlé. Ég vonast til þess að hún ætli að koma sér aftur í toppform. Við förum ekki út að keppa næst fyrr en í febrúar og hún er að hugsa málið hvort hún verði með. Ég vil fá hana því það er heimsmeistarakeppni kvenna í febrúar og við þurfum þá að stilla fjórum til fimm sterkum stelpum og það munar um hana þar," sagði Árni Þór Hallgrímsson landsliðsþjálfari um endurkomu Söru.

**sport**
sport@frettabladid.is

**BRAGI MAGNÚSSON, ÞJÁLFARI STJÖRNUNNAR :** MEÐ SÉRSTAKAN ÞOLÞJÁLFARA FYRIR SÍNA LEIKMENN

# *Maurice verður orðinn skuggalegur eftir áramót*

Bragi Magnússon, þjálfari Stjörnunnar, fær góða hjálp til að koma sínum mönnum í frábært líkamlegt form. Nýliðar Stjörnunnar hafa unnið þrjá af fyrstu sex leikjum sínum í Iceland Express-deildinni í vetur og það hefur vakið athygli hvað leikmenn liðsins geta barist á fullum krafti allar 40 mínútur leiksins. „Við erum með sérstakan þolþjálfara sem hefur verið að vinna með landsliðum Svíþjóðar í körfubolta, handbolta og fótbolta. Aðalstjórnin lætur okkur fá þennan mann og borgar hann niður. Við höfum aðgang að honum hvenær sem við viljum og hann sá um stóran hlut af undirbúningstímabilinu hjá mér," segir Bragi, sem sér mikinn árangur í starfi þolþjálfarans. „Þessi strákar geta verið að berjast eins og hundar allan leikinn en standa samt allir uppréttir á síðustu mínútunni. Þegar liðin eru að hlaupa þriggja kílómetra rúnta þá erum við að hlaupa 10 kílómetra. Hann skilaði mér liði í fullkomnu formi," segir Bragi sem er síðan að reyna að skóla strákana sína til og hjálpa þeim að öðlast reynslu til þess að klára leiki. „Ef við erum inni í leiknum og eigum möguleika á að vinna hann þegar fimm mínútur eru eftir þá erum við búnir að gera það sem við þurfum að gera. Við klárum suma leiki og aðra ekki á þessum fimm mínútum en

við eigum eftir að klára fleiri leiki eftir því sem strákarnir verða reyndari," segir Bragi. Bragi bindur miklar vonir við nýja Bandaríkjamanninn, Maurice Ingram, og segir að Jimmy ætli að koma honum í frábært form. „Maurice hefur allan sinn feril verið þykkur og Jimmy tekur hann að sér núna. Áætlunin hjá okkur er að hann verði kannski þungur fram að jólum en ég sé síðan fyrir mér að þegar Jimmy er búinn að ljúka sér af með hann þá verður Maurice orðinn skuggalegur eftir áramót. Hann verður alltaf þykkur en kominn í miklu betra form," segir Bragi sem fer með strákana sína í DHL-höllina í kvöld þar sem nýliðarnir spila við Íslandsmeistara KR.

**Á FULLRI FERÐ** Ragna Ingólfsdóttir nær bolta við netið í úrslitaleiknum í tvíliðaleik. Hún er í miklu stuði þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Gullin helgi fyrir Rögnu

**Ragna Ingólfsdóttir vann bæði einliðaleik og tvíliðaleik á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International. Ragna vann alla átta leiki sína og 16 af 17 lotum en var gjörsamlega búin í mótslok eftir erfiða en ánægjulega helgi.**

**BADMINTON** Árangur íslensku keppendanna á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International sem lauk í gær var mjög góður og stjarna mótsins var Ragna Ingólfsdóttir sem vann tvö gull í einliðaleik og tvíliðaleik. Síðasti leikur mótsins var mest spennandi úrslitaleikurinn en þar unnu Ragna og Katrín Atladóttir þær Söru Jónsdóttur og Tinnu Helgadóttur í jöfnum og skemmtilegum leik.

Ragna Ingólfsdóttir fylgdi eftir sigri á opna ungverska mótinu um síðustu helgi með því að vinna einliðaleikinn með sannfærandi hætti. Ragna vann alla leiki sína 2-0 og í úrslitaleiknum vann hún dönsku stelpuna Trine Niemeier 21-11 og 21-3. Aðeins klukkutíma seinna var Ragna mætt í annan úrslitaleik þar sem að hún tryggði sér sitt annað gull, nú í tvíliðaleik kvenna. Það þurfti því að leika oddalotu til að knýja fram úrslit í leiknum og hana sigruðu þær Ragna og Katrín 21-17. „Ég er eiginlega alveg búin og gat varla spilað þessa oddalotu," sagði Ragna eftir að sigurinn var í höfn.

„Ég er ótrúlega ánægð og mjög sátt með helgina. Ég bjóst eiginlega ekki við þessu. Ég vann þetta mót í fyrra og varð í öðru sæti í tvíliðaleiknum og það var erfitt að koma inn í svona mót og þurfa að verja titilinn," sagði Ragna sem var ánægð með stuðninginn. „Salurinn var ótrúlega mikið með mér og það er erfitt fyrir hina spilarana að spila undir slíku. Fólk var duglegt við að hvetja mig og það skipti miklu máli. Ég hélt líka einbeitingu allan tímann þrátt fyrir að vera komin langt yfir."

Ragna þakkar breyttu hugarfari góðan árangur að undanförnu.

**GÓÐAR SAMAN** Ragna Ingólfsdóttir og Katrín Atladóttir unnu saman tvíliðaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Ég var orðin svolítið stressuð um hvort að ég myndi halda mér inni á Ólympíuleikunum eftir að ég meiddist. Ég fór til Einars Gylfa sálfræðings og hann kenndi mér að hugsa öðruvísi og það var bara viku fyrir Unvgerjaland. Ég byrjaði strax að hugsa um það sem hann sagði og í Ungverjalandi gekk þetta alveg upp. Það var gott að fá svona utanaðkomandi hjálp því maður fattar það ekki alltaf sjálfur hvað er að. Ég var í góðu formi og búin að spila mikið þannig að það var ekki líkaminn sem var að halda aftur að mér," sagði Ragna.

Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari var ánægður með mótið. „Ég er sérstaklega ánægður með stelpurnar. Það var óvænt að fá tvö íslensk lið í úrslit í tvíliðaleiknum," sagði Árni sem gat ekki neitað því að afrek Rögnu stæði upp úr.

„Ragna er búin að vera að strögla í haust en þetta er allt að smella hjá henni. Hún er núna farin að hlaupa og hreyfa sig eins og hún gerði áður og núna nær hún þessum boltum við netið sem hefur verið vandamál hjá henni í haust. Það er frábært hjá henni að vinna tvö mót í röð og ekki síður að leggja þrjár danskar stelpur. Við höfum oft átt í erfiðleikum með Danina því við höfum borið mikla virðingu fyrir þeim. Mér fannst í leikjunum hjá Rögnu á móti dönsku stelpunum að þær báru alveg gríðarlega virðingu fyrir Rögnu og náðu kannski ekki sínu besta og það var eins og þetta hefði snúist við," sagði Árni Þór eftir mótið. ooj@frettabladid.is

Ragna Ingólfsdóttir vann sannfærandi sigur:

# Var bara stressuð fyrir einn leik

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir sýndi mikið öryggi á leið sinni að gullinu á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International. Ragna vann sannfærandi sigur og sýndi hversu öflugur spilari hún er orðin.

Ragna segist hafa lagt áherslu á að hugsa um einn leik í einu en það var einkum einn leikur sem hún var stressuð fyrir.

„Ég vissi að ef ég myndi vinna fyrstu þrjá leikina þá myndi ég spila undanúrslitaleik við vinkonu mína frá Eistlandi sem var raðað númer tvö í mótið. Það var svolítið erfitt því við erum alltaf saman í herbergi úti. Ég var svolítið stressuð fyrir þann leik en var alveg róleg fyrir úrslitaleikinn," sagði Ragna sem vann vinkonu sína Kati Tolmoff 21-14 og 21-5 og tryggði sér þar með sæti í úrslitaleiknum þar sem hún sigraði auðveldlega danska stúlku. - óój

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir að liðið var slegið út af Mios:

# Spiluðum bara þrjá fjórðunga

**HANDBOLTI** Eftir ótrúlega lélegan fyrri hálfleik Stjörnunar í EHF keppni kvenna í handbolta í gær gegn franska liðinu Mios Biganos áttu þær hreint frábæran seinni hálfleik og voru nálægt því að tryggja sér farseðilinn í 16-liða úrslit. Þær unnu upp níu marka forystu en þurftu að sætta sig við eins marks tap, 29-30.

Fyrri hálfleikur Stjörnunar var martröð. Þær skoruðu fyrsta markið en það var í eina skiptið í langan tíma sem þær áttu eftir að leiða leikinn. Þegar munurinn var orðinn fjögur mörk, 9-13, var eins og Stjarnan biði eftir að flautað væri til hálfleiks á meðan Mios raðaði inn mörkunum á auðveldan hátt. Þegar hálfleiksflautan gall loksins var munurinn orðinn níu mörk, 10-19.

Það var auðvelt fyrir Stjörnuna að gera aðeins betur í seinni hálfleik enda fordæmið úr fyrri hálfleik ekki til að hrópa húrra fyrir.

**EKKI SÁTTUR** Aðalsteinn Eyólfsson var ekki ánægður með sínar stelpur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Þegar munurinn var orðinn sjö mörk, 18-25, var eins og Stjarnan mætti loks til leiks. Vörnin hrökk þá heldur betur í gang og Grecu fór að verja í markinu, þær skoruðu sjö mörk í röð og jöfnuðu leikinn 25-25.

Spennustigið í húsinu var orðið mjög hátt undir lokin á meðan Stjarnan gerði það sem hún gat til að ná forystunni sem hún þurfti. Þær náðu eins marks forystu undir lokin, 29-28, og áttu möguleika á að bæta við markinu sem til þurfti en létu verja frá sér á ögurstundu. Mios fór upp hinum megin og kláruðu leikinn með marki og eins marks sigri, 29-30.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, sagði liðið sitt bara hafa leikið þrjá hálfleiki af fjórum gegn franska liðinu. „Evrópuleikir eru fjórir hálfleikar og því miður leikum við ekki nema þrjá í þessu einvígi. Það getur verið að einhver þreyta að hafi spilað inn í en viljaleysið á tímabili í leiknum var fyrir neðan allar hellur," sagði Aðalsteinn við Fréttablaðið eftir leik og bætti við. „Við höfum lent í þessu áður og þetta er eitthvað sem við þurfum að læra en samt sem áður grátleg niðurstaða." - tom

Ímyndaðu þér nýja óperu eftir Verdi.

Ímyndaðu þér nýtt meistaraverk
með fullkominn samhljóm.

Með bílinn handa þér

**NÝR BMW X5. Fágæt upplifun,**

sem höfðar til þín á marga vegu. Nútímaleg hönnunin er hrein veisla fyrir augað, á meðan þýður gangurinn lætur sem tónlist í eyrum, hvort heldur á í hlut lágvær söngur línusexunnar eða hljómfagrir tónar V8 vélarinnar.
Það gerir síðan ekkert til, þó að þú hafir misst af síðustu uppfærslunni á La Traviata, þar sem framúrskarandi hljómflutningskerfi BMW X5 gerir hann að óperuhúsi á hjólum.

NÝR BMW X5

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

**Eigum bíla til afgreiðslu strax. Komdu í reynsluakstur.**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Meistaradeildin í handbolta:*

Valur – Celje Lasko 29-28 (15-14)
**Mörk Vals:** Arnór Malmquist 9 (11/1), Elvar Friðriksson 6/3 (11/3), Baldvin Þorsteinsson 4 (8/1), Ernir Hrafn Arnarson 3 (3), Fannar Friðgeirsson 3 (8), Ingvar Árnason 2 (2), Gunnar Harðarson 1 (2), Sigfús Sigfússon 1 (4),
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 6/1 (15/2, 40%), Ólafur Gíslason 8 (27, 29,6%
**Hraðaupphlaup:** 12 (Arnór 5, Baldvin 4, Ingvar, Elvar, Fannar)
**Fiskuð víti:** 5 (Elvar 3, Arnór, Baldvin)
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk Selje:** Igor Kos 5, Eduard Koksarov 4/1, Mirsad Terzic 4, Mihael Gorensek 4, Aleksandar Stojanovic 3, Vasja Furlan 3, Jan Gregor 3, Trivundza Srdjan 2
Veszprém-Gummersbach 35-35
Róbert Gunnarsson skoraði 8 mörk.

**STAÐAN Í RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gummersbach** | **4** | **3** | **1** | **0** | **132-117** | **7** |
| Veszprém | 4 | 1 | 2 | 1 | 130-119 | 4 |
| **Celje Lasko** | **4** | **1** | **1** | **2** | **114-109** | **3** |
| Valur | 4 | 1 | 0 | 3 | 105-136 | 2 |

### *Evrópuk. kvenna í handb.:*

Stjarnan-U.S. Mios Biganos HB 29-30
**Mörk Stjörnunar (skot):** Rakel Dögg Bragadóttir 12/8 (19/9), Björk Gunnarsdóttir 6 (7), Alina Petrace 4 (10), Sólveig Lára Kjærnested 3 (6), Ásdís Sigurðardóttir 2 (2), Elísabet Gunnarsdóttir 1 (1), Birgitt Engl 1 (2).
**Varin skot:** Florentina Grecu 20 (44/3, 45%), Helga Vala Jónsdóttir 1 (7, 14%)
**Hraðaupphlaup:** 2 (Sólveig Lára Kjærnested 2)
**Fiskuð víti:** 9 (Elísabet 4, Sólveig Kjærnested 3, Alina 1, Ásdís 1)
**Utan vallar:** 6 mínútur.

### *Iceland Express kvenna:*

Fjölnir-Valur 58-78
**Stig Fjölnis:** Slavica Dimovska 25 (9 frák., 5 stolnir), Efemía Sigurbjörnsdóttir 11 (4 varin), Gréta María Grétarsdóttir 8 (15 frák., 6 stoðs.), Aðalheiður Óladóttir 4, Brynjar Arnardóttir 4, Erla Sif Kristinsdóttir 4, Eva María Emilsdóttir 2.
**Stig Vals:** Hafdís Helgadóttir 20 (12 fráköst), Þórunn Bjarnadóttir 16 (8 fráköst, 5 stolnir, 4 stoðs.), Tinna Björk Sigmundsdóttir 14 (7 stoðs.), Lovísa Guðmundsdóttir 12 (5 stoðs.), Signý Hermannsdóttir 6 (10 fráköst, 10 stoðs., 4 varin), Berglind Ingvarsdóttir 6, Helga Þorvaldsdóttir 4 (7 frák.).

### *Ítalski körfuboltinn*

Lottomatica Roma-Avellino 106-90
Jón Arnór Stefánsson var með 4 stig, 5 fráköst og 2 stoðsendingar á 32 mínútum en hann var í byrjunarliðinu í þessum leik. Lottomatica er í 6. sæti deildarinnar með 6 sigra og 3 töp.

### *Ítalski fótboltinn*

Reggina-Genoa 2-0
Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina í fyrsta sigurleik liðsins á tímabilinu en var skipt út af á 54. mínútu í stöðunni 1-0. Reggina komst af bontinum með þessum sigri.
Parma-Juventus 2-2

# Magnaður sigur Valsara

**Valsmenn lögðu fyrrverandi Evrópumeistara Celje Lasko að velli, 29-28, í Vodafone-höllinni í gær. Markvörðurinn Pálmar Pétursson var hetja Vals þegar hann hreinlega lokaði markinu á æsipennandi lokamínútum leiksins.**

**HANDBOLTI** Valur gerði sér lítið fyrir og lagði slóvenska stórliðið Celje Piovarna Lasko að velli í Meistaradeild Evrópu í gær, 29-28. Valsmenn voru með frumkvæðið í leiknum nánast allan leikinn og var sigurinn fyllilega verðskuldaður.

Leikurinn einkenndist af mjög góðum varnarleik og það sást strax á fyrstu mínútu að Valsmenn voru komnir til að selja sig dýrt. Arnór Malmquist skoraði fyrsta markið strax í fyrstu sókn Vals en það tók Celje fjórar og hálfa mínútu að jafna metin. Lítið var skorað í byrjun og virkuðu heimamenn taugatrekktir í sóknaraðgerðum sínum en að sama skapi spilaði liðið frábæra vörn. Hægt og rólega unnu Valsmenn bug á stressinu og var greinilegt að stórliði gestanna var brugðið.

Celje virtist vera að ná undirtökunum í leiknum þegar 10 mínútur voru til leikhlés og staðan var 10-12. Valsmenn bitu þá hressilega frá sér með Elvar Friðriksson sem besta mann og náðu forystunni fyrir leikhlé, 15-14.

Valsmenn spiluðu líklega sinn besta handbolta á tímabilinu fyrsta korterið í seinni hálfleik og náðu fjögurra marka forystu, 24-20 og 25-21. Í stað þess að keyra áfram reyndu Valsmenn að verja forskotið en það kann ekki góðri lukku að stýra. Celje náði að jafna metin, 28-28, þegar fjórar mínútur voru eftir af leiknum en Ernir Hrafn Arnarsson var fljótur að koma Val aftur yfir.

Pálmar Pétursson kom inn í markið þegar fjórar mínútur voru til leiksloka og varði þrjú dauðafæri og eitt vítakast áður en yfir lauk. Pálmar sá til þess að ekki voru fleiri mörk skoruð í leiknum eftir að hann koma inn á fyrir Ólaf Gíslason sem hafði komið inn á fyrir Pálmar fyrr í leiknum.

Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari Vals var vægast sagt kátur í leikslok. „Þetta er stærsti sigur minn sem þjálfari. Ég er mjög stoltur af mínu liði og íslenskum handbolta. Við náðum að hrista aðeins upp í Evrópu með þessum úrslitum og íslenskur handbolti sýndi hvað í honum býr. Þetta var óvæntur sigur en við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur fyrir leikinn. Við ætluðum að halda þeim í 28 mörkum eða minna og halda hraðaupphlaupum þeirra í lágmarki. Við spiluðum góð vörn og skoruðum sjálfir mörg mörk úr hraðaupphlaupum," sagði Óskar Bjarni með bros á vör í leikslok.

Ef hægt var að finna eitthvað að leik Vals var það að liðinu gekk illa að finna opin færi úr uppstilltum sóknum.

„Sóknin sem slík var ekki slæm þó hún hafi ekki verið eins og hún best getur verið. Það verður að líta til þess að við vorum að spila gegn mjög sterku liði. Við skoruðum meira úr hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik en í þeim seinni þegar við hægðum á spilinu. Við horfðum óþarflega mikið á stigatöfluna í seinni hálfleik og vörðum forskotið í stað þess að byggja á því. Við erum með ungt lið og ættum að keyra á andstæðinga okkar við hvert tækifæri. Það er okkar sterkasta vopn.

- gmi

**EINN Á MÓTI ÖLLUM** Sigfús Páll Sigurðsson brýst í gegn vörn Celje í gær. Sigfús Páll var í fyrsta sinn í sigurliði í Meistaradeildinni í gær en hann tapaði öllum sex leikjunum með Fram í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**NÍU MARKA MAÐUR** Valsmaðurinn Arnór Þór Gunnarsson Malmquist skoraði 9 mörk út 11 skotum gegn slóvensku meisturunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin:*

Birmingham-Aston Villa 1-2
1-1 Mikael Forssell (62.), 1-2 Gabriel Agbonlahor (87.).
Man. Utd.-Blackburn 2-0
1-0 Cristiano Ronaldo (33.), 2-0 Cristiano Ronaldo (35.).
Tottenham-Wigan 4-0
1-0 Jermaine Jenas (13.), 2-0 Jenas (26.), 3-0 Aaron Lennon (34.), 4-0 Darren Bent (72.)
Bolton-Middlesbrough 0-0
Portsmouth-Man. City 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **13** | **9** | **3** | **1** | **23-6** | **30** |
| Arsenal | 11 | 8 | 3 | 0 | 24-9 | 27 |
| **Man. City** | **13** | **8** | **2** | **3** | **16-13** | **26** |
| Chelsea | 13 | 7 | 4 | 2 | 19-9 | 25 |
| **Liverpool** | **12** | **6** | **6** | **0** | **19-6** | **24** |
| Portsmouth | 13 | 6 | 5 | 2 | 23-13 | 23 |
| **Blackburn** | **12** | **6** | **4** | **2** | **15-11** | **22** |
| Aston Villa | 12 | 6 | 3 | 3 | 18-14 | 21 |
| **Everton** | **13** | **6** | **2** | **5** | **19-15** | **20** |
| West Ham | 12 | 5 | 3 | 4 | 18-10 | 18 |
| **Newcastle** | **12** | **5** | **3** | **4** | **19-18** | **18** |
| Reading | 12 | 4 | 1 | 7 | 15-26 | 13 |
| **Fulham** | **13** | **2** | **6** | **5** | **16-20** | **12** |
| Tottenham | 13 | 2 | 5 | 6 | 23-24 | 11 |
| **Birmingham** | **13** | **3** | **2** | **8** | **13-20** | **11** |
| Sunderland | 13 | 2 | 4 | 7 | 13-22 | 10 |
| **Middlesbr.** | **13** | **2** | **4** | **7** | **12-23** | **10** |
| Bolton | 13 | 1 | 5 | 7 | 11-18 | 8 |
| **Wigan** | **13** | **2** | **2** | **9** | **10-23** | **8** |
| Derby | 13 | 1 | 3 | 9 | 5-31 | 6 |

**MARKAHÆSTU MENN:**

| | |
|---|---|
| **Benjani, Portsmouth** | **8** |
| Emmanuel Adebayor, Arsenal | 6 |
| **Nicolas Anelka, Bolton** | **6** |
| Cesc Fabregas, Arsenal | 6 |
| **Robbie Keane,Tottenham** | **6** |
| Cristiano Ronaldo Man. Utd | 6 |

### *Spænska deildin*

Getafe-Barcelona 2-0
1-0 Manu (28.), 2-0 Albin (90.). Eiður Smári Guðjohnsen sat á bekknum allan tímann.
Valencia-Real Murcia 3-0
1-0 Ivan Helguera (12.), 2-0 David Villa (26.), 3-0 David Villa (51.).
Real Madrid-Mallorca 4-3
1-0 Rbinho (12.), 1-1 Varela (14.), 2-1 Robinho (17.), 2-2 Varela (37.), 2-3 D. Güiza (58.), 3-3 Raúl (62.), 4-3 Ruud van Nistelrooy (73.).
Villarreal-Sevilla 3-2
1-0 Guille Franco (31.), 1-1 Frédéric Kanouté (34.), 1-2 Luis Fabiano (50.), 2-2 Franco (68.), 3-2 Mati Fernández, víti (87.)
Almería-Atlético 0-0
Betis-Zaragoza 2-1
Deportivo-Racing 0-1
Espanyol-Athletic 2-1
Recreativo-Osasuna 1-0
Valladolid-Levante 1-0

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | **12** | **9** | **1** | **2** | **29-12** | **28** |
| Villarreal | 12 | 9 | 0 | 3 | 25-18 | 27 |
| **Barcelona** | **12** | **7** | **3** | **2** | **23-10** | **24** |
| Valencia | 12 | 8 | 0 | 4 | 20-19 | 24 |
| **Espanyil** | **12** | **6** | **4** | **2** | **17-13** | **22** |
| Atlético Mad. | 12 | 6 | 3 | 3 | 23-14 | 21 |


FRUMSÝND 16. NÓVEMBER!

STÓRSKEMMTILEG RÓMANTÍSK GAMANMYND

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.


Cristiano Ronaldo skoraði tvö mörk í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær:

# Skaut United upp í toppsætið

**FÓTBOLTI** Manchester United er komið á topp ensku úrvalsdeildarinnar eftir leikina sex sem fóru fram í gær. Chelsea er nú fimm stigum á eftir United eftir aðeins jafntefli á móti Everton á heimavelli.

Cristiano Ronaldo skoraði bæði mörk Manchester United í fyrri hálfleik í 2-0 sigri á Blackburn. Ronaldo skoraði fyrra markið með skalla eftir hornspyrnu Ryan Giggs en það síðara eftir sendingu frá Carlos Tevez.

Þetta var níundi sigur Manchester í síðustu 10 leikjum og færir liðinu þriggja stiga forskot á Arsenal sem á reyndar tvo leiki inni. Þann fyrri leikur liðið strax í kvöld þegar lærisveinar Arsene Wenger sækja Reading heim.

„Við erum með gott og ungt lið sem er að þroskast saman og við erum að spila vel. Það er mikið hugrekki í okkar leik og þetta lítur vel út. Við eigum góða möguleika á að vinna eitthvað í vetur," sagði Alex Ferguson, stjóri Man. Utd eftir leikinn. Næstu leikir eru á móti botnliðunum Bolton, Fulham og Derby og því ætti United ekki að tapa mörgum stigum á næstunni þótt liðið sé án manna eins og Wayne Rooney og Paul Scholes.

Tim Cahill tryggði Everton stig á Stamford Bridge með því að jafna leikinn með glæsilegri hjólhestaspyrnu á 88. mínútu. Didier Drogba hafði komið Chelsea yfir 17 mínútum fyrr.

„Þetta var einn af okkar bestu leikjum. Við spiluðum flottan fótbolta, bjuggum til fullt af færum en þeir skora síðan úr eina færi sínu. Ef við höldum áfram að spila svona þá erum við á réttri leið," sagði Avram Grant, stjóri Chelsea. „Við vorum alltaf inni í þessum leik og vorum baráttuglaðir og ákveðnir að fá eitthvað út úr þessum leik. Þetta er það sem Cahill gerir svo vel fyrir okkur," sagði David Moyes, stjóri Everton.

Tottenham vann sinn fyrsta sigur í þrjá mánuði og þann fyrsta undir stjórn Juande Ramos þegar liðið vann 4-0 stórsigur á Wigan. Jermaine Jenas (2 mörk) og Aaron Lennon komu Spurs í 3-0 í fyrri hálfleik og eftir það var ljóst í hvert stefndi. Dimitar Berbatov átti stóran þátt í undirbúningi allra markanna.

„Þetta var miklu betra. Það er gott að skora fjögur mörk en ekki síður mikilvægt að ná að halda hreinu. Ef við náðum að byggja upp góða vörn þá hef ég ekki áhyggjur af sókninni með menn eins og Berbatov, Keane, Lennon og Jenas í okkar liði," sagði Gus Poyet, aðstoðarstjóri Tottenham, og hann segir Berbatov ekkert að vera á leiðinni frá liðinu. „Hann er orðinn mjög þreyttur á þessum sögusögnum. Við höfum talað um þetta við hann og hann segist vera ánægður og ef hann spilar eins og í dag þá erum við mjög ánægðir líka," bætti Poyet við.

- óój

**TÍU MÖRK Á TÍMABILINU** Portúgalinn Cristiano Ronaldo skoraði bæði mörk Man. United í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# Við rúllum upp samkeppninni

## Fréttablaðið er með 59% meiri lestur en 24 stundir

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

**Allt sem þú þarft...**

**...alla daga**

Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.

Fiton/SÍA Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.

# dagskrá

## > Grace Jones

Við tökur á myndinni Conan The Destroyer árið 1984, sem Stöð 2 Bíó sýnir einmitt í kvöld, kvartaði vöðvatröllið Arnold Schwarzenegger sáran yfir því að Grace Jones væri of hörð. Hann virðist þó hafa fyrirgefið henni því Grace var boðið í brúðkaups Arnold og konu hans, Mariu Shriver, árið 1986. Þangað mætti Grace með engum öðrum en Andy Warhol en þau voru góðir vinir.

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VARAR FÓLK VIÐ FLJÓTFÆRNI

# *Hundur aflífaður fyrir hreðjabit á presti*

Óður hundur hleypur froðufellandi eftir götu í afskekktri sveit. Hann endar för sína á milli fótanna á gömlum presti þar sem hann rífur hreðjar gamla mannsins í sig og hverfur svo á brott. Hundurinn er aflífaður. Atburðarásin verður til þess að presturinn hittir æskuástina sína að nýju, því hún er framkvæmdastjóri sjúkrahússins sem gerir að sárum hans. Presturinn kemst að því að hann á uppkominn son með framkvæmdastjóranum. Hún kynnir soninn fyrir prestinum. En þeir ná ekki saman af því að hann átti óða hundinn sem var drepinn fyrir hreðjabitið.

Kostuleg atburðarás er eitt af því sem er þungamiðjan í góðri kvikmynd eða þáttaröð. Oftast er þó gengið allt of langt og sagan er of fáránleg til að höfða til áhorfandans. Ég er einn þeirra sem láta slíkt fara í taugarnar á sér og vil að menn haldi sig á jörðinni í frásögninni. Sterkust er sagan að mínu mati þegar hún ratar þann gullna meðalveg að vera möguleg þrátt fyrir ólíkindalætin. Þetta virðist vera breskum kvikmyndagerðarmönnum tamt en ekki starfsbræðrum þeirra vestan hafs, af einhverjum ástæðum. Bretarnir geta til dæmis spunnið frábæra sögu út frá smávægilegum hversdagslegum mistökum, sem allir kannast við.

Ég hef sjálfur reynslu af því að smávægileg mistök geta haft afdrifaríkar afleiðingar. Einhvern tímann sendi ég framkvæmdastjóra fyrirtækis sem ég vann hjá eftirfarandi tölvupóst: Hæ krúttið mitt! Ég sá hrikalega sexí korselett í gær sem ég er ákveðinn í að gefa þér. Langar helst að nota hádegishléið til að velta þér upp úr bráðnu súkkulaði og éta þig svo í heilu lagi. Kveðja, púngsi.

Framkvæmdastjórinn, Björn hét hann minnir mig, tók þessu erindi af fullmiklum velvilja, svo ég neyddist til að hætta skömmu síðar. Blaðamennska tók við. Við erum víst að skrifa handrit á hverjum degi, hvert á okkar einstaka hátt.

## EKKI MISSA AF

▶ **18.00 Kicking and Screaming** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **21.00 Heroes** SKJÁREINN

▶ **21.15 Criminal Minds** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.15 Smallville** SIRKUS

▶ **21.40 Side Order of Life** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**14.35 Edduverðlaunin 2007**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (6:26)
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra grís**
**18.06 Fæturnar á Fanney**
**18.17 Halli og risaeðlufatan**
**18.30 Út og suður** (9:12)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Október 1917** (2:2) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum um rússnesku byltinguna.
▶**21.15 Glæpahneigð** (27:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið**
**22.45 Slúður (9:13) (Dirt)** Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Spaugstofan**
**00.10 Bráðavaktin** (17:23)
**00.55 Kastljós**
**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Run Ronnie Run!**
**08.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**10.00 Kicking and Screaming**
**12.00 Moon Over Parador**
**14.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**16.00 Moon Over Parador**
▶**18.00 Kicking and Screaming** Bráðfyndin gamanmynd með Will Ferrell og Robert Duval í aðalhlutverkum.
**20.00 Run Ronnie Run!**
**22.00 Bordello of Blood**
**00.00 Conan the Destroyer**
**02.00 I Know What You Did Last Summer**
**04.00 Bordello of Blood**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love**
**10.15 Numbers**
**11.10 Veggfóður - LOKAÞÁTTUR**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (12:22)
**13.55 Hair** (Hárið)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (9:22) (e)
**19.50 Friends** Fimmta þáttaröðin um hina bráðskemmtilegu Vini og vini þeirra.
**20.15 Extreme Makeover. Home Edition** (22:32) Craft-fjölskyldan hefur lifað tíma ana tvenna en stendur alltaf saman og veitir öðrum innblástur. Nú er röðin komin að þeim sjálfum að fá nýtt glæsilegt heim-
▶ili. 2006.
**21.40 Side Order of Life** (Líf í hjáverkum) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey´s Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny, sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða af því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. (5:13) Jenny nýtur þess að vera einhleyp og er ekki viss um að hún vilji fara í annað samband. Hún samþykkir engu að síður að fara á stefnumót með manni sem gengið hefur á eftir henni lengi.
**22.25 Crossing Jordan NÝTT** (1:17) Jordan leggur sér ferðalag á hendur til að sanna sakleysi sitt í morðmáli J.D. Hún rannsakar nú á örvæntingarfullan hátt allt sem gæti hjálpað henni að leysa gátuna um hvað gerðist nóttina sem J.D var myrtur.
**23.10 Weeds** (11:12)
**23.40 Weeds** (12:12)
**00.10 Mary Reilly**
**01.55 Most Haunted**
**02.40 Hair**
**04.45 Side Order of Life** (5:13)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Valur - Celje** Útsending frá leik Vals og Celje Lasko.
**18.00 Valur - Celje** Útsending frá leik Vals og Celje Lasko.
**19.20 NFL-deildin** Útsending frá leik New York Giants og Dallas Cowboys í NFL deildinni.
**21.20 Þýski handboltinn** Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
**22.00 Spænsku mörkin 2007-2008** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarnir og bestu marktækifærin.
**22.45 World Series of Poker 2007** (No Limit Hold Em ($ 2,500)) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um háar fjárhæðir.
**23.40 Spænski boltinn** (Real Madrid - Mallorca) Útsending frá leik í spænska boltanum.

## SÝN 2

**07.00 Man. Utd. - Blackburn**
**16.05 Derby - West Ham**
**17.45 Ensku mörkin 2007/2008** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**18.50 Goals of the season** (Goals of the Season 2004/2005) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.50 Reading - Arsenal** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**22.00 Ensku mörkin 2007/2008** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.00 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**23.30 Reading - Arsenal**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Allt í drasli** (e)
**17.45 Rules of Engagement (e)**
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 30 Rock** (e)
**19.30 Giada´s Everyday Italian** (e)
**20.00 Friday Night Lights** (13:22) Nú er að duga eða drepast fyrir liðið sem er aðeins einum sigri frá því að komast í úrslitakeppnina. En þá koma upp vandræði með Smash sem setja allt á annan endann. Jason og Lyla endurskoða samband sitt og Tyra reynir að koma mömmu sinni á réttan kjöl.
▶**21.00 Heroes** (2:24) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Á meðan Matt rannsakar dauða einnar hetju verður önnur hetja fyrir árás. Claire reynir að fara leynt með hæfileika sína í skólanum en annar nemandi sem einnig býr yfir leyndarmáli stefnir því í voða. Dr. Suresh reynir að hafa uppi á týndri hetju og Hiro reynir að bæta fyrir þann skaða sem vera hans í fortíðinni hefur á mannkynssöguna.
**22.00 C.S.I. New York** (11:24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Barþjónn er skotinn til bana og einn úr rannsóknardeildinni er grunaður um verknaðinn. Mac og félagar fá ekki að koma nálægt rannsókninni en það stöðvar Mac ekki í leitinni að sannleikanum.
**23.00 Fyrstu skrefin**
**23.25 Silvía Nótt**
**23.50 Californication** (e)
**00.25 Masters of Horror (e)**
**01.15 C.S.I.**
**02.05 Vörutorg**
**03.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður...

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31" TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr. á 100 km.

...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Bílasalan Ós, Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa, Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands, Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands, Egilsstöðum, sími 471 3005

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.45
### Crossing Jordan - NÝTT

Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur í kvöld. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Október 1917
### Sjónvarpið kl. 20.20

Seinni hlutinn í spennandi heimildarmynd um októberbyltinguna í Rússlandi árið 1917. Byltingin er líklegast ein sú áhrifamesta í sögu hins vestræna heims síðustu aldir og jafnframt ein sú merkilegasta. Í þættinum í kvöld verður meðal annars fjallað um þátttöku aðalsmanna og hers keisarans í valdaráninu sem skók heimsbyggðina.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.20** Kvika
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Afsprengi
**23.10** Upp og ofan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SKJÁ SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
**20.25 Most Shocking**
▶**21.15 Smallville** (18:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.00 Næturvaktin** (9:13) Endurupplifðu Næturvaktina í sérstakri 45 mínútna útgáfu í tilefni af þremur Eddu-tilnefningum. Vinsælasti þáttur ársins, besti leikni sjónvarpsþáttur landsins. Pétur Jóhann Sigfússon, aðalleikari ársins. 2007.
**22.30 Damages** (6:13) Frobisher ákveður að breyta um stefnu varðandi málsókninna en hann er tilbúinn til að gera hvað sem er til að koma í veg fyrir að hann tapi auðæfum sínum.
**23.15 Prison Break NÝTT** (1:22)
**00.00 Johnny Zero** (1:13)
**00.45 Sjáðu**
**01.10 Bestu Strákarnir** (28:50) (e)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Katrín Jakobsdóttir og Illugi Gunnarsson** Taka púlsinn á pólitíkinni
**21.00 Klipptu kortið** Helga Thorberg og Edda Kristín Hauksdóttir, skipulagsfíkill skoða meðal annars hvernig má koma í veg fyrir gluggaumslagahræðslu.
**21.30 Hvað ertu að hugsa** Guðjón Bergmann tekur á móti góðum gesti. Að þessu sinni er það Sigurður Erlingsson hjá velgengni.is.

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.00** Valg 07 - Afslutningsdebat **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Seksløber Snurre **15.35** Skyland **16.00** Troldspejlet **16.30** Thomas og hans venner **16.40** Postmand Per **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Genbrugsguld 1**9.00** Michael Palin i det nye Europa **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Seriemorder jages **22.40** Seinfeld **23.05** OBS **23.10** Hjerteflimmer

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.15** Grosvold **11.55** Jubileumsgudstjeneste fra Vår Frue kirke, Trondheim **12.55** Lyden av lørdag **14.00** Fabrikken **14.30** Sjøuhyrer **15.00** Romnautene **15.10** Romnautene **15.25** Viva Pinata **15.40** Kid Paddle **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Små Einsteins **17.25** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Varmt hjerte - frossen kebab **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Berlinerpoplene **21.25** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Kriminalsjef Foyle **23.55** Nytt på nytt **0.25** Kulturnytt **0.35** Sport Jukeboks **2.00** Country jukeboks

## SVT 1

**12.00** Sportspegeln **13.00** Matiné: Gäst i eget hus **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Ramp **16.30** Krokomax **17.00** BoliBompa **17.25** Ebb och Flo **17.30** Allt om djur **17.55** Dr Dogg **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Föreställningar **20.30** Kobra **21.00** Bomberna i Madrid **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Babben & co **23.20** Vita huset


Nicotinell

NÝJAR PAKKNINGAR BETRA VERÐ

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA Á AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!

NICOTINELL MINTUR

Nicotinell munnsogstöflur með mintu er tilvalin leið til að fá nikótín svo lítið beri á þegar hætt er að reykja.

KOSTIR NICOTINELL MINTUNNAR

- eru fyrirferðalítil nikótínuppbót
- eru með frískandi mintubragði
- eru hentugar og auðveldar í notkun
- eru í mismunandi skömmtum til að mæta þínum þörfum
- eru sykurlausar og hlífa því tönnunum
- innihalda fáar kaloríur

MINTUR

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## LÖGIN VIÐ VINNUNA

*„Uppi á Sjónvarpi hlustum við alltaf á Rás 2. Pessa daga er ég ansi upptekin við að mála tónlistarfólk fyrir myndatökur, og þá er vinsælt að hlusta á viðkomandi flytjanda á meðan."*

Elín Reynisdóttir snyrtifræðingur

# Leoncie syngur um drykkju og þrælahald

„Ég verð í viðtali við BBC í dag, hvenær það verður spilað er hins vegar ekki alveg komið á hreint," skrifar Leoncie en hún búin að gefa út nýja geisladisk sem ber hið skemmtilega heiti Pukki Bollywood Baby. Diskurinn er stútfullur af nýjum slögurum frá indversku prinsesunni og hún hafði ekki mikinn tíma til að ræða útgáfu hans, hafði ákaflega annríkt. Leoncie hefur öðru hvoru skotið upp kollinum og margir muna eflaust eftir því þegar hún birtist eins og skrattinn úr sauðaleggnum í X-factor þætti Simon Cowell og hlaut öllum að óvörum ekki náð fyrir augum dómnefndar.

Leoncie býr nú í Bretlandi, nánar tiltekið í Essex ásamt eiginmanni sínum Viktori Albertssyni en hún sagði skilið við Sandgerði eftir nokkur leiðindamál eins og frægt er orðið. Viktor fær að sjálfsögðu lag á nýja diskinum en Leoncie talar tungum á honum, syngur bæði á Hindi og Konkani auk þess sem nokkur laganna eru á íslensku og að sjálfsögðu ensku.

Meðal annarra laga má sjá titla á borð við Engin Prikantur hér þar sem Leoncie syngur um að hún sé eðlileg kona með eðlilegar þarfir og Legend Killer. En athyglisverðasta lagið er án nokkurs vafa Pólitískar leikbrúður þar sem Leoncie lýsir lífinu á Íslandi, þar drekki fólk og drukkni í skuldum og að þar sé rekið hálfgert þrælahald. Diskinn má nálgast á heimasíðunni cdbaby.com/cd/leoncie5.

**ALSÆL Á BRETLANDI** Viktor og Leoncie hafa komið sér yfir í Essex á Bretlandi og mun Leoncie mæta í viðtal á BBC í dag.

**SENDIR ÍSLANDI TÓNINN** Leoncie syngur á Hindi og Konkani auk þess sem hún hefur upp raust sína á ensku og íslensku



**LÁRÉTT**
**2.** þreyta **6.** bor **8.** þangað til **9.** þrot **11.** mergð **12.** brella **14.** rými **16.** drykkur **17.** skýra frá **18.** púka **20.** hæð **21.** fálma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi **3.** tvíhljóði **4.** bliksjá **5.** flýtir **7.** avókadó **10.** mál **13.** varkárni **15.** komst auga á **16.** fjör **19.** bardagi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** dasa, **6.** al, **8.** uns, **9.** mát, **11.** ýi, **12.** bragð, **14.** pláss, **16.** te, **17.** tjá, **18.** ára, **20.** ás, **21.** pata.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** au, **4.** snúðsjá, **5.** asi, **7.** lárpera, **10.** tal, **13.** gát, **15.** sást, **16.** táp, **19.** at.

PAUL DANO: BANDARÍSKT UNGSTIRNI ÞOKAST NÆR GOOD HEART

# Good Heart dýrari en Mýrin

Bandaríska ungstirnið Paul Dano er talinn leiða kapphlaupið um að taka við af Ryan Goosling í næstu kvikmynd Dags Kára, Good Heart. Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi myndarinnar, vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því en getgátur hafa verið uppi um að Dano taki hlutverkið að sér á kvikmyndavefnum imdb.com. Þórir sagðist ekkert vilja segja en bæði Goosling og tónlistarmaðurinn Tom Waits hafa sagt sig frá myndinni sökum anna.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Dano tekist að tryggja sér hlutverk í nokkrum bitastæðum kvikmyndum en hann lék til að mynda eitt aðalhlutverkanna í Óskarsverðlaunamyndinni Little Miss Sunshine. Þá er Dano í einu af aðalhlutverkunum í nýjustu kvikmynd Pauls Thomas Anderson þar sem hann leikur á móti Daniel Day Lewis en auk þess hefur honum brugðið fyrir í sjónvarpsþáttaröðinni Sopranos. Þá var hann nýlega ráðinn til að leika í nýjustu kvikmynd Spike Jonze en þar verður hann ásamt James Gandolfini og Forest Whitaker.

Skúli Malmquist, samstarfsfélagi Þóris í ZikZak, var nýlega í viðtali hjá Norræna sjónvarps-og kvikmyndasjóðnum og þar upplýsti hann að þekktur bandarískur leikari hefði samþykkt að leika í myndinni sem rennir enn frekari stoðum undir hlut Pauls Dano. Aðrir leikarar í myndinni yrðu hins vegar evrópskir. Einnig lét Skúli þess getið að mikil eftirvænting ríkti í kringum Good Heart enda verður hún fyrsta mynd Dags á ensku.

Jafnframt kom fram að myndin myndi kosta rúmar tvö hundruð og tuttugu milljónir íslenskra króna eða 2,6 milljónir evra. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst kemst Good Heart í hóp dýrustu kvikmynda í íslenskri kvikmyndasögu. Til samanburðar má nefna að Mýrin kostaði einungis 150 milljónir. Skúli nefnir einnig í viðtalinu að myndin yrði að mestum hluta tekin á Íslandi, þar á meðal á hinu gamla vallarsvæði Bandaríkjahers í Keflavík en einnig í stórborginni New York. -fgg

**Á UPPLEIÐ** Paul Dano hefur verið á stöðugri uppleið en hann þykir nú líklegur til að hreppa aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd Dags Kára.

**ERFIÐ FÆÐING** Framleiðsla Good Heart hefur gengið erfiðlega fyrir sig en stefnt er að því að hefja tökur í desember. Framleiðendur myndarinnar eru bjartsýnir á gott gengi hennar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sýningin Killer Joe í Borgarleikhúsinu hefur slegið í gegn og nú er svo komið að uppselt er á allar sýningar allt til enda nema þann 25. nóvember. **Þröstur Leó Gunnarsson**, sem hlaut Grímuna fyrir hlutverk sitt í sýningunni, verður líklega manna fegnastur þegar sýningum lýkur því hann frumsýndi nýverið leikritið Ökutíma hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann geysist því á milli höfuðborgarinnar og Akureyrar milli sýninga en Killer Joe verður einmitt sýnt norðan heiða eftir áramótin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er bókaútgáfan Sögur að leggja lokahönd á samning við framleiðslufyrirtæki hérlendis um kvikmyndaréttinn að bók **Óttars M. Norðfjörð** sem ber heitið Hnífur Abrahams. Bókin kom út á dögunum og hafa margir orðið til þess að líka henni við verk **Dan Brown**, höfund bókarinnar um DaVinci lykilinn. Sögusvið bókarinnar er New York og því ljóst að kvikmyndin verður stórt verkefni ef samningar nást. Óttar, sem er búsettur í Barcelona, er væntanlegur hingað til lands eftir viku.

Yfirleitt ríkir mikil spenna í samkvæmislífi þotuliðsins upp á hverju afþreyingarfyrirtækið **Sena** tekur í útgáfuveislu sinni en hefð hefur verið fyrir því að blásið sé til mikillar veislu á vegum fyrirtækisins. Og óhætt er að segja að markaðsmennirnir með **Jón Gunnar Geirdal** fremstan í flokki svíki ekki sína. Valdir einstaklingar fá bráðum glæsilega glerflösku með forláta boðsmiða á þar sem kemur fram að teitið verði á Apótekinu og að viðkomandi verði að vera klæddur í svart, hvítt og rautt.

-fgg/sók

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

Hátíðni rafsuðuvélar
Taka allt að 4 mm vír. Handhægar - aðeins um 5 kg. Flott verð.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# *Ólýsanleg upplifun í Afríku*

Sjónvarpsmaðurinn Oddur Ástráðsson er nýkominn heim frá Malaví í Afríku þar sem hann dvaldi í sex daga ásamt Einari Árnasyni tökumanni til þess að taka upp efni fyrir Ísland í dag. „Við fórum út á vegum SPRON og Hjálparstarfs kirkjunnar," segir Oddur. „Við ferðuðumst meðal annars um hérað sunnarlega í landinu þar sem fátækt er fram úr hófi mikil. Þar heimsóttum við þorp þar sem fólk býr í leirkofum með stráþökum, borðar eina máltíð á dag og þarf að labba langar leiðir til að fá vatn. Þú finnur ekki mikið verra ástand í heiminum."

Oddur hefur ekki komið áður til Afríku og hann segir Malaví vera ólíkt öllu því sem hann hefur áður upplifað. „Allar þær hugmyndir sem ég hafði um ástandið hafa breyst. Það er eiginlega ekki hægt að segja frá þessu, hver og einn þarf að upplifa fyrir sig. Ég hafði fremur óljósar hugmyndir fyrir komuna til landsins, sá tölur á borð við þær að allt að 30 prósent íbúanna væru með alnæmi, að helmingur þjóðarinnar væri börn undir fimmtán ára aldri og að meðaltekjur á Malava væru innan við hálfur dollari á dag. Maður reynir af fremsta megni að búa til mynd af þessu í höfðinu en það er ekki hægt að líkja því saman við að upplifa það." Þegar Oddur er inntur eftir því hvort hann hyggist heimsækja landið aftur er hann snöggur til svars. „Ekki spurning. Þetta er ekki eitthvað sem ég var að gera í fyrsta og síðasta skipti." - sók

**Í MALAVÍ** Oddur heimsótti þorp þar sem fólk býr við afar slæmar aðstæður.

# PHILIPS FLATSKJÁIR

**Philips 32PFL7332**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ **179.995**

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · Pixel Plus 2 HD

PIXEL PLUS 2 HD

TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Philips 37PFL7332**
37" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ **189.995**

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · Pixel Plus 2 HD

**Philips 42PFL7662D**
42" LCD Pixel Plus Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ **269.995**

HD ready · Full HD 1080p · Pixel Plus HD

## AMBILIGHT FLATSKJÁ BAKLÝSING

## ALVEG EINSTÖK UPPLIFUN

Powered by ambi light

**Philips 32PFL7962D**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.500:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · Pixel Plus 2 HD

**TILBOÐ**
**159.995**
FULLT VERÐ **189.995**

Powered by ambi light

**Philips 42PFL7962D**
42" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.000:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · Pixel Plus 2 HD

**TILBOÐ**
**269.995**
FULLT VERÐ **299.995**




**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki**

ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Apótekið
lægra verð

**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar

## Barnagull

Eftir að hafa drepið tímann með nöguðum húsdýrabeinum í meira en þúsund ár stendur íslenskum börnum til boða að eignast alvöruleikföng. Heimskunnar barnamenningarstofnanir eins og Toys ‘R Us (Leikföng ‘rum við) og Just4Kids (Bara fyrir börn) hafa loksins sett upp útibú hérna á skerinu. Fram á síðustu öld þekktist ekki afþreying handa börnum á Íslandi nema einhvers konar hreyfing sem útheimti líkamlega fyrirhöfn og óþarfa fitubrennslu ef undan eru skilin upptrekkt leikföng eins og spiladósir handa heldri manna börnum.

**ÞEGAR** vísindamönnum tókst að þróa rafhlöður sem voru nógu smáar til að nýtast sem orkugjafar fór loksins að hægjast um hjá íslenskum börnum. Þau gátu kastað mæðinni og sest niður í makindum og látið leikföngin skemmta sér í stað þess að vera sjálf á sífelldum þönum. Skömmu síðar kom sjónvarp fram á sjónarsviðið og með tilkomu þess minnkaði stórlega þörfin fyrir aðra afþreyingu enda er sjónvarpið svar okkar Vesturlandabúa við þrásetu austrænna hugleiðsluiðkenda í leit að því fullkomna tómi sem stundum er kallað nirvana.

**LEIKJAÞÖRFIN** fylgir mannskepnunni frá vöggu til grafar. Hinn viti borni maður er líka nefndur „homo ludens“, maðurinn sem leikur sér. Leikir barna endurspegla athafnir hinna fullorðnu og athafnir hinna fullorðnu eru uppblásnar útgáfur af leikjum æskunnar – án hláturs og gáska. Bílarnir sem strákar leika sér að stækka með þeim og verða að jeppum og mótorhjólum og brúður og brúðuhúsgögn stelpnanna breytast í „hús og hýbýli“. Reyndar varð stökkbreyting á leikjum telpna árið 1959 þegar dúkkan Barbie kom fram á sjónarsviðið. Fram að þeim tíma höfðu brúður verið frumstæðar eftirlíkingar af manneskjum en með hinni grannvöxnu Barbie varð dúkkan sjálf að fyrirmynd barnsins.

**EITT** hefur þó ekki breyst í aldanna rás, sem sé hinn endanlegi tilgangur allra leikja að standa uppi sem sigurvegari í lok leiks. Mælikvarði fullorðna fólksins á sigur eða tap heitir gull. Til að börnin okkar verði sigurvegarar gefum við þeim barnagull. Hamingjan er svo úr allt annarri óperu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 12. nóvember, 316. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.45 | 13.12 | 16.38 |
| Akureyri | 9.43 | 12.56 | 16.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*